ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

# Landamerkjabók Þingeyjarsýslu
# C.
# [1890–1900]

[1r-1v]

# C

„Framhald frá landamerkjabok B.“

№ 99.

Landamerki

Arndísarstaða í Ljósavatnshreppi.

Að norðan móti Úlfbæjarlandi: frá Skjálfandafljóti ræður bein stefna frá garði á Sniðavaðsbökkum, eftir vörðum austur í svonefndum Hlauplæk norðan undir nyrðri Hlaupalækjarássenda og þaðan eftir læknum niður í Engivatn við svonefnda Sandvík. Að austan móti Einarsstaðalandi, ræður Augnalækur frá Engivatni að vrðu við upptök lækjarins, þar sem hann fellur ofan frá ásnum. Þaðan ræður bein stefna suður með Engivatnsássnum að norðaustur horninu á Miðtjörn, úr suðausturhorni tjarnarinnar ræður bein lína að vörðu við norðurenda á Engivatnsáslæk og þaðan ræður nefndur lækur að vörðu við syðri enda hans, þar ssem hann fellur í Miðkíl. Þvínæst ræður bein lína frá nefndri vörðu austur í garð á svokölluðum Vantsás og austur að Seljadalsá. Þaðan móti Stefnslandi ræður Seljadalsá og Kamarlækur að norðurendanum á Vörðuás. Þvínæst móti Brenniáslandi: frá nyrðri endanum á Vörðuás, ræður bein stefna, vestur í garð þann sem liggur skammt utan við Mýrarsel og eftir honum meðan hann endist. Svo ræður bein lína frá nefndum garði vestur í Kálfborgará við keldu, sem er sunnanvert við Gömlusel. Móti Kálfborgarárlandi ræður svo Kálfborgaráin, út og vestur í Skjalfandafljót ræður svo fljótið útað áður nefndum garði á Sniðvaðsbökkum.

Arndisarstöðum, 5. maí. 1890

Jón Árnason

Að því er snertir þjóðjorðina Brenniás er eg sem umboðsm. samþykkur

Pétur Jónsson (settur)

Að því er snertir jörðina Stafn er eg samþykkur

Tómas Sigurðsson

Vegna eignar og umraðajarða minnaEinarsstaða, Kvígyndisdals og Skógarsels, er eg samþykkur Haraldur Sigurjónsson

Kristján Jónsson samþykkur vegna Úlfsbæjar.

Sören V. Jónsson samþykkur vegna Kálfborgarár.

Þingl. að Ljósavatni, 14 júní 1890. Borgun: bokun og þingl 1,00 Kr

B Sveinsson.

[1v-3r]

№ 100.

Landamerki

jarðanna. Einarsstaða, Kvígyndisdals og Skógarsels.

Að sunnan ræður Reykjadalsá til norðurs frá ármótum þar sem saman koma Reykjardalsá og Seljadalsá. Að norðan ræður bein stefna austur úr Reykjadalsá um nýbyggðann flóðgarð norðast í Einarsstaðanesi í vörðu á viðarmónum vestan við nesið; yfir móinn ræður mer[kja]lína milli Vallakots og Glaumbæjar, þá í suður þar sem mætast mor og grund, á tjarnarbakka norðan við Einarsstaðatún, þá ræður tjarnarbakkinn og svo Kilfar suður úr tjörninni að garði þeim, sem liggur vestur frá miðju Einarsstaðatúni, stefnu í garð þann sem liggur frá suðri til norðurs fyrir neðan brekkuna og ut fyrir ofan völlinn á Vallakoti norður að Grundalækjargili fyrir sunnan og ofan Glaumbæjarvöll, þá ræður gilið, en þar fyrir vestan garður, sem byrjar í gilbotninum og liggur í suðvestur upp á há heiði.

Að sunnan ræður Seljadalsá frá fyrrnefndum ármótum um Seljadal allann upp að garði þeim sem liggur úr Seljadalsá vestur fyrir Vatnsás sunnan við Irraskarð, þaðan bein stefna vestur í vörðu við endann á Engivatnsárlæk er hann fellur í Miðkíl, svo ræður lækurinn það sem hann endist, þaðan bein stefna í aðra vörðu, þá bein lína norður í suðausturhornið á Miðtjörn og því næst bein stefna úr norðausturhorni Miðtjarnar meðfram í vörðu við endann á Augnalæk svo ræður Augnalækur út í Engivatn þá ræður vatnið í ás þann, sem gengur útaf Engivatni og nú er kallaður Ingjaldsstaðaás, þá ræður ás þessi, þar næst sjónhending út háheiðina um Miðtöng að garði þeim sem liggur neðan frá Skjálfandafljóti upp af miðjum Krosshólma norður við Fljótsbakka, garður þessi ræður merkjum beint í vestur til Skjálfandafljóts. Að vestan ræður Skjálfandafljót norður að garði þeim, sem liggur upp af syðri Bjúgeyarsporði og svo bein stefna austur á háheiði. [Innskot á spássíu] Ítaki ekki lýst samkv. áskorun 20. maí 1953. JS. (Vallakot á ítak til beitar fyrir búfé sitt vestur á Fljótsheiði í Einarsstaðalandi.)

Einarsstöðum, 6. maí. 1890.

Haraldur Sigurjonsson (eigandi)

Samþykkur vegna Arndisarstaða með Heðarseli Jón Árnason.

Vegna jarðanna Úlfsbæjar og Ingjaldsstaða er eg sem eigandi og ábúandi samþykkur

Kristján Jónsson

Vegna þjóðeignanna Rauðár, Daðastaða, Breiðumyrar, Øndolfsstaða og Halldórsstaða er eg sem umboðsmaður samþykkur Petur Jónsson (settur)

Vegna Narfastaða með Narfastaðaseli erum við sem eigendur samþykk

Herdís Ólafsdóttir Aðalgeir Davíðsson.

Vegna jarðarinnar Stafns er eg samþykkur Tómas Sigurðsson

Vegna jarðarinnar Fljótsbakka er eg em eigandi samþykkur

Kristján V. Guðnason.

Vegna Glaumbæjarsels er eg sem eigandi samþykkur Jón Bjarnarson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
Samþykkur Joh. Jónatansson eigandi Glaumbæjar.

Vegna Vallakots er eg fullmaktaður af umboðsm. Petri Jónssyni á Gautlöndum – samþykkur Jakob Nikulásson.

Þingl. að Helgastöðum, 12 júni 1890

Borgun: Þingl og Bóokun 1,00, ein Króna –

B. Sveinsson.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS



№ 101.

Landamerki

Haga í Helgastaðahreppi.

Að norðan og vestan ræðir Laxá frá Dauðhyl allt að garði þeim sem liggur upp frá henni sunnan við Langey. Siðan ræður sá garður að sunnan austur til Botnalækja. Þá ráða Botnalækir austur í Hróklæk (Krosslæk) siðan ræður Krosslækur til norðurs allt að garði, sem liggur austur um Yztahvammshóla austur að Dauðhylslæk utvið Brúarstæði Loks ræður Dauðhyls lækur norður til Laxár. Þessa hólma á Hagi í Laxá: Kríusker, Hróarsey, Hrútholma, syðri stórhólma Storhólmamsker og Langey. Í Yztahvammslandi á Hagi beit annað mál.

[Innskot á spássíu] Hinn 8. Júli 1922 er nýr samningur gerður um beit í Yztabæ am molandi sjá veðmálabók C. 1661, bls. 438. og Landamerkjabók D nr. 259

Haga, 6. Júní 1890.

Sigvaldi Kristjánsson Sigurgeir Bjarnason

Jón Guðmundsson B. Kristjánsson umraðamaður Yztahvamms og Hvamms og Hólmavaðs.

Þingl. að Helgastoðum 12, Júní 1890, - Borgun 1,00 Kr –

B. Sveinsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS



№ 102.

Landamerki

Haganess í Skútustaðahreppi.

Að sunnan ræður gamall merkigarður úr Hvammarskalum Hamarshólum og vestur í Kráká, ræður svo Krákáin úti Laxá og siðan Laxá upp í Mývatn, og það svo að Hamarshólamerkigarði.

Haganes á þessa hólma í Mývatni: Skriðunessey, Sviðningsey Þorbjarnarhólma, Bekra og Kálfshólma. Þessa hólma í Laxá 1/2 Sundavaðshólma, 1/2 Þorlákshólma, Langhólma Dragsey, Lambey, Lambeyarsker, Föxutangasker, Tarfshólma, Flathólma, Bjarghólma, Viðarskér og Strokksker, 1/2 Álftadráttarskér og 1/2 Jarpkollusker.

Jörðunni fylgja öll ádrátta og lagnetjaveiði bæði í Laxá og Mývatni fyrir sínu landi lögum samkvæmt.

Haganesi, 10, Júní, 1890.

Helgi Jónsson (eigandi)

Eigendur Alftagerðis samþykkir: Metusalem Guðmundsson

Holmfríður Guðlögsdóttir, Jónatan Guðlögsson

| | |
|---|---|
| Fyrri hond Geirastaða | Fyrir hönd Arnarvatns |
| Sigurjón Jónsson | Sigurður Magnússon. |

Þinglesin að Skútustöðum, 13. Júní. 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 ein krona

B. Sveinsson.

№ 103.

Landamerki

Álftagerðis í Skútustaðahreppi.

Að austan frá klöpp í miðjum Naustahver við Myvatn beint suður í Paradis, þaðan bein stefna um Vörðuklett og krókinn á Hólmengisgarðinum í Nesjaþúfu.

Að sunnan: Bein stefna úr Nesjaþúfu vestur í Kráká.

Að vestan: Kráka.

Að norðan: gamall merkigarður frá Kráká og austur gegnum hraunshóla að Mývatni og siðan vatnið að Naustahver. Jörðinni fylgir öll dráttarveiði og grunnaveiði fyrir sínu landi í Mývatni og Dritey í Mývatni.

Álftagerði, 10. Júní. 1890.

Metusalem Guðmundsson Hólmfriður Guðlaugsdóttir.
Jónatan Gamalíelsson (eigendur)
Fyrir Skútustaða prestssetur samþykkur. Árni Jónsson
Sem eigandi að 1/4 úr Skútustöðum. Guðbjörg Aradóttir
Eigandi og umboðsmaður Arnarvatns Sigurður Magnússon
Eigandi Haganess samþykkur Helgi Jónsson
Umraðamenn Sveinsstrandar samþykkir
Pétur Jónsson Jón Jónsson
Í umboði eiganda Litlustrandar er eg samþykkur Pétur Jónsson.
Þingl. að Skútustoðum 13. Júní 1890
Borgun 1,00 – ein Króna –
B. Sveinsson.

[4v-5r]

№ 104.

Landamerki

Kaðalstaða í Fjörðum.

Að norðan ræður sjórinn; að austan Hafragjá og fjallsegg suður af henni; að sunnan ræður Selgil gegnt Kussungsstöðum niður til ár. Að vestan ræður Fjarðará hin eystri, suður þangað sem fyrst byrjar gamall ár farvegur, þá ræður hann suður að Köðlu, þá Kaðla í Hvalvatn. Fyrir neðan Hvalvatn ræður Hvalvatnsþúfa, sem svo er nefnd, sunnanvert á malarkambinum þaðan skemmst lína beint í sjó.

[Innskot á spássíu] Þessari ítakskvöð var ekki lýst samkvæmt áskorun 20. maí. 1953 og eru því greind rjettindi Hrafnagilskirkju niður fallin. J Skaptason.

~~(Þareð hvorki maldagar, né nein önnur skjöl eða munnmæli, geta gjört núlifandi monnum ljóst hvar Kaðalstaðasel það, sem forðum fylgt hefur jörðunni, hafi verið, er því sleppt á móti því að eigendur Grýtubakka, er lönd eiga nú á því svæði lofa að byggja bónda þeim, sem býr á Kussungsstöðum afréttinn Grýtubakkalandsmegin, ef hann æskir þess, og býður jafnt eftirgjald eftir hann eins og aðrir, og skal sú kvöð haldast framvegis, ef leiguliða skyldu af Kaðalstaða ábúanda er gætt og umboðsmenn Hrafnagilskirkju ekki kalla til áðurnefnds ítaks.~~

~~Mörk Kaðalstaðafjöru, sem Hrafnagils kirkja á reka af eru þessi)~~: frá Hafragjá að austan til Eyrarstúfs, eða að mörkum Kaðalstaða á malarkambinum að vestan).

[Innskot á spássíu] sýnt 10.4.´54 J Skaptason

Innan þessara takmarka eiga Grýtubakkamenn þriðjung reka hvals og viðar.

Akureyri, 10. Júní. 1889.

Matthías Jochumsson

Merkjaskra þessa samþykki eg fyrir Grýtubakka.

Þorsteinn Jónasson.

Sömul. eg fyrir Laufaskirkju það sem snertir Eyrarstúf henni tilheyrandi.

Magnús Jónsson.

Sömul. eg fyrir Þverár, Tindriðastaða, og Brekkulönd.

G. Ólafsson.

Þinglesin að Grýtubakka, 17. Júní. 1890.

Borgun: Þingl. og Bokun 1,00 – ein Króna –

B. Sveinsson.

[5r-6r]

№ 105.

Landamerki

Háls Beneficii staðar í Fnjóskadal.

Að norðan ræður Þingmannalækur. Að austan milli Háls og Hálskyrkjujarðarinnar Birningsstaða ræður Beinagil í fjallinu og bein lína úr því niður í Þingmannalæk. Að sunnan milli Háls og Vagla ræður Markdæla og Brandsgil í fjallinu svo dæld sú er gengur ofan frá gegnum skóginn niður að Fnjóská. gegn syðri landamerkjum Skóga, um Saurskeldu fyrir utan Hafragil. Að vestan ræður Fnjóská.

Hálsi 2. Júní. 1890.

Pétur Jónsson (prestr að Hálsi)

Samþykkur Sigríðarstaða og Skóga vegna

Skúli Kristjánsson.

Samþykkur Fornastaða og Hallgilsstaða vegna

Í umboði eiganda Kr. Ingjaldsson.

Samþykkur Vagla vegna

Benidikt Bjarnason

Samþykkur Ljótsstaða vegna

Jóhann Fr. Jóhannsson

Ítök Hals Beneficii

Afrétt fylgir Beneficis á Flateyardalsheiði. Halsmannatungur. Landamerki þeirra eru:

Að norðan: Ytri-Jökulsá

Að austan: Fjallsbrún

Að sunnan Syðri-Jokulsá

Að vestan Dalsá.

Hálsi, 2. Júni 1890.

Pétur Jónsson (prestr að Hálsi)

Samþykkur fyrir Grimsland. Geirf. Tr. Friðfinnsson

Samþykkur fyrir Heðarhús Magnus Jónsson.

Fyrir Kambsmyrar samþýkkur. Karl Friðriksson.

[Innsk af spássíu] Þessum ítökum var ekki lýst samkvæmt áskorun 20.5.1953. Þau eru því niður fallin. J. Skaptas.

~~(Kirkjan á reka á Fljótssandi sjöttung hvals og viðar frá Fljótsósi til miðs Sands, sjöttungur við Ljósvetninga, svo og sjöttung hvals og viðar í Náttfaravikum millum Hvannsdals og Svinár (Purkár) og skal allur sá sjöttungur fyrst aftakast. Teigur fylgir staðnum norður í Kinn í Finnstaðalandi. Kirkjan á Halsi á lambseldi um allann Fnjóskadal.)~~

Hálsi, 2, Júní. 1890

Pétur Jónsson.

Þinglesin að Hálsi, 16, Júní. 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 – Króna ein –

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
B. Sveinsson.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

[6r-6v]

№ 106.

Landamerki

Birningsstaða í Fnjóskadal.

Að vestan, á milli Birningsstaða og Háls ræður Beinagil úr fjallinu og bein lína úr því í Þingmannalæk.

Að norðan ræður Þingmannalækur, austur að móhorni sem varða er á, þaðan bein lína í móberg í Kambsstaðalandi, sem er fyrir sunnan litlu Tjarnalæk lítið eitt fyrir utan landamerkjagil Sigríðarstaða og litlutjarna. Aað austan ræður Kambsá en úr gilsopinu ræður bein lína að Sigríðarstaðalandamerkjum

Að sunnan ræður bein lína eftir miðju fjalli, eða þar sem vötn skilja.

Hálsi, 2, Júní 1890.

Pétur Jónsson. (prestur)

Samþykkur vegna Sigríðarstaða Skúli Kristjánsson

Samþykkur Lunds vegna Guðmundur Davíðsson

Samþykkur Vagla vegna Benidikt Bjarnason

Samþykkur Kambsstaða vegna Pétur Jónsson (prestr.)

Þinglesin að Halsi, 16. Júní. 1890

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 – Ein Króna

B. Sveinsson.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

[6v-7r]

№ 107.

Landamerki

Voga í Skútustaðahreppi.

Að sunnan móti Geiteyarströnd ræður garður sá, er liggur til austurs frá sunnanverðum Hraunvogi, þaðan austur beina stefnu í norðurenda Strandarholts, uppí lág þá, er liggur suður holtið og úr láginni austur í vogaborg (merkt með vörðu) sem liggur í Lúdentarborgum; en borgir þær ráða svo merkjum til suðurs móti Kalfastrandar- og Garðslandi, þaðan réttsýnis til austurs gegnt sunnanverðu Búrfelli móts við Grænavatnsland, og ræður svo Búrfell til norðurs og Skessuhali að þrengslum þeim sem eru norðanundir honum, þaðan réttsýnis til vesturs. í Námukollu hina syðri (á Námufjalli) þaðan til vesturs eftir vörðunum, niðureftir hrauninu í Smáralág hina nyrðri, ræður svo lágin í Kálfstjörn, ur tjörninni í Mývatn ræður Svínavogur merkjum. Að norðan og austan liggur land jarðarinnar Reykjahlíðar. Vogar eiga alla hólma og sker, er liggja fyrir landi jarðarinnar í Mývatni, Flathólmi og Grashólmi (hálfur) móti Reykjahlíð – liggja þeir hólmar í Svínavog – Byrgistangi Byrgissker, Eystri-flúð, Vestriflúð, Varpteigur og Langhólmi, Þórólfsteigur og 4 sker, er liggja kringum Hellisklett. Enn fremur allar veiðistöður fyrir landinu svo sem gildandi veiðilög heimila.

Þessi eru þau landamerki er eg veit rettust og ábúendur jarðarinnar hafa talið henni tilheyra, svo langt fram er eg hefi tilspurt.

Vogum, 26. maí. 1890.

Guðni Ásmundsson eigandi Voga.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurður Tómasson | Árni Jónsson | Sigurgeir Petursson |
| (eigandi Kálfastrandar) | (eigandi Garðs) | (eigandi Reykjahlíðar |

Johannes Sigurðsson og Þorsteinn Þorsteinsson eigendur Geiteyarstrandar.

Þinglesin að Skutustöðum, 13. Júní 1890.

Þingl. og Bókun 1,00 -Ein króna –

B. Sveinsson.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS



№ 108.

Landamerki

Ingjaldsstaða Helgastaðahreppi.

Að sunnan stendur varða [á] hrauninu við fljótið og þaðan bein lína til austurs upp i svokallaðann Bandhól og þaðan upp i Gljúfurá Bandará og með henni upp að steinahrauk, sem stendur við ana að sunnan og svo yfir ana í vörðu þá sem stendur á Ingjaldsstaðaás, og þaðan austur gegnt Einarsstaðamerkjum.

Að vestan ræður Skjalfandafljót. Að norðan ræður garður sem liggur yfir Hestavaðsmó og þaðan uppá brún í vörðu, sem þar stendur, og þaðan austur heiðina í vörðu þá sem stendur í viðirsundi á há heiðinni, og þaðan suður beint austanvert við Miðtöng gegnt Einarsstaðamerkjum og alla leið suður í horn.

Þannig ritað 10. Júní 1890

Kristján Jónsson.

Jonatan Friðleifsson, Jónatan Jónatansson

| | |
|---|---|
| Kristján V Guðnason | Haraldur Sigurjónsson |
| (eigandi Fljótsbakka) | eigandi Einarsstaða. |

Þingl. að Helgastöðum 12. Júní 1890

Þingl. og Bókun 1,00 Króna ein –

B. Sveinsson.

[8r-8v]

109.

Landamerki

Hóls í Höfðahverfi

Að vestan ræður móti Sundi merkjalína sunnan frá hrísum, og byrjar hún á nefi sem er í miðið af þremur litlum oddum við lónin. Þaðan liggja merkin út milli Imbugerðisklappa eftir fornum merkjagarði, sem þar er, og svo ut hæðirnar austan við Sund þar til þær enda utan við Sundstún. Frá merkjavörðu á þessum stað ræður sjónhending vestur í merkjavörðu á Orralágarás. En frá þeirri merkjavörðu ræður móti Höfða bein lína upp á Höfðann í merkjavörðu við Svæðisland, skammt fyrir vestan svokallaðan Grástein.

Að utan ræður móti Svæði, bein lína frá siðast nefndri vörðu austur af Höfðanum að vörðu við Bárðaratjörnina utan verða, og er lína þessi framhald af merkjalínu milli Höfða og Svæðis að vestan.

Að austan ræður móti Hvammi og Bárðartjörn Bárðartjörnin eftir miðlínu hennar og svo ós sá sem liggur úr henni suður í Gljúfrá, sem þar eftir er kolluð Hólsá. Siðan ræður Hólsá merkjum móti Grýtubakka, suður að Nesmerkjum, en þau eru rétt sunnan við ytra ræsið á stíflugarði yfir flæðakílinn, sem þar rennur í ána.

Að sunnan móti Nesi ræður, frá síðast nefndu marki, sjónhending niður á miðlónið mitt á milli Kiðanessodda að sunnan og Guddulágarnefs að utan; en svo ráða línu vestur að takmarki því sem fyrst var nefnt við Sundsland.

Nesi, 21. Septbr 1889

Einar Ásmundsson.

Samþykkir fyrir Höfða, Sund og Svæði

G. Ólafsson

Samþykkur fyrir Grýtubakka.

Þorsteinn Jónsson.

Samþykkur, sem eigandi að hálfri Bárðartjörn.

Sveinn Sveinsson.

Þingl. að Grýtubakka, 17 Júní 1890

Borgun: Bokun og þingl. 1,00 -Króna ein-

B. Sveinsson

[8v-9v]

№ 110.

Landamerki

Jarlsstaða Bárðardal.

Fyrir öllum vestan jaðri landsins ræður Skjalfandafljót merkjum, Frá fljótinu eru einnig tekin merki bæði að sunnan móti Hrappstaðalandi og að norðan móti Kálfborgarárlandi þannig:

Að sunnan: frá vörðu á fljótsbakkanum í gróf Merkjagróf í brekkunni ofan við ræður svo grófin merkjum meðan hún endist, allt á grjót upp þegar grófina þrýtur, ræður bein stefna í austur í vörðu á grjótunum, svokallaða Merkjavörðu, frá vörðu þessari helzt enn sama stefna í Axarlæk og frá læknum enn í austur í stein þann á Axarlækjarás er Fortakssteinn heitir og nær þá eigi Hrappsstaðaland lengra austur, en Hrappsstaðaselsland tekur við á sömu hlið og hitt er þrotið. Úr Fortakssteini og eftir sömu stefnu liggur merkjalínan, glöggvuð vörðum hér og hvar, allt austur að Kalfborgará.

Að austan takmarkar Kálfborgará allt landið.

Að norðan verðu eru tvö garðbrot, svokallaðir Tvígarðar, sem liggja óslitin neðan frá fljótinu nokkuð upp í heiðar hlíðina með tæpu 40 faðma millibili á Fljótsbakkanum, en nálega helfingi styttra millibili þar, sem þeir sjást síðast í hlíðinni. Eftir syrðra garðbrotinu eru merkin, meðan það endist, en úr því í há austur, eftir merkjavörðum, svo þétt hlöðnum að alstaðar má sjá frá einni til annarar allt í Kálfborgará, þar sem lækur fellur í hana gegnt Kálfborg þar sem hún er hæst.

Ljósavatnshreppi, 4. júní. 1890.

Í umboði hreppsnefndarinnar Sigurður Jónsson.

Vegna eiganda að 6/10 Hrappstaða, samþykki J. Sigurgeirsson.
Somul. eigandi að 4/10 Hrappstaða samþykk Holmríðr Friðfinnsdóttir
Vegna Kálfborgarar samþykkur sem eigandi Sören Jónsson.
Samþykkur sem eigandi Hrappstaðasels Jón Árnason.
Þinglesin að Ljósavatni 14. júní 1890
Borgun: þingl. og Bóðkun 1,00 -ein Króna –

B. Sveinsson.

[9v-10r]

№ 111.

Landamerki

Hrappstaða í Bárðardal

Að sunnan eru merkin tekin úr kletti, svonefndri kerlingu, er stendur við Skjalfandafljót, sem ræður merkjum að vestan. Sunnan við klett þenna eða kellingu, tekur við Sigurðarstaðaland, og úr henni liggur svo merkjalína eftir beinni stefnu og hlöðnum merkivörðum, er takmarka Hrappstaða og Sigurðarstaða lönd, allt austur að Axarlæk, yfir hann og austur sunnan vert. við Stuttás gegnt Axarlækjarás. Þaðan svo móts við Hrappstaðaselsland beina stefnu til norðurs í nefndan Axarlækjarás, og eftir honum, sem liggur óslitin, að steini þeim hinum mikla, er stendur norðarlega á ásinum og Fortakssteinn heitir.

Að norðan liggja saman Hrappstaða- og Jarlsstaðalönd, og eru merkin þar á milli: úr vörðu sem stendur við Skjálfandafljót, beint í gróf þá í brekkunni, er merkisgróf kallast, og eftir henni meðan hún endist til, allt á grjót upp. Þá er gróf þessi þrýtur, bein stefna úr henni í stóra vörðu á Grjótunum (Merkivörðu) svo frá henni þvert austur í Axarlæk og úr honum í áðurgreindan Fortaksstein.

p.t. Hrappstöðum. 14. .maí. 1890.

Vegna eiganda jarðarinnar Jón Sigurgeirsson.

Samþykk sem eigandi að 4/10 Hrappst. Holmfríður Friðfinnsdóttir

Samþykkur eigandi Hrappstaðasels Jón Árnason

Samþykkur fyrir Ljósavatnshrepp sem eiganda Jarlsstaða og Jarlsstaðasels Sigurður Jónsson (oddviti)

Samþykkur eigandi Sigurðarstaða

Jón Jónsson.

Þinglesin að Ljósavatni, 14. júní 1890

Þingl. og Bókun: 1,00 - króna ein

B. Sveinsson.

[10r-10v]

№ 112.

Landamerki.

Sigurðarstaða Bárðardal.

Að austan vestan ræður Skjálfandafljót. Að sunnan mótsvið Lundarbrekkuland ræður Merkilækur frá Skjálfandafljóti uppundir Sandvíkurás, úr botni nefnds lækjar í vörðu, sem stendur á há ásnum, þaðan í lág, sem liggur austan í ásnum lítið eitt sunnar en miðjavegu milli Sigurðarstaðasels og Merkitjarnar og svo sama stefna austur í norðvesturhornið á Kálfborgarárvatni skammt vestan við Kálfborgarárós.

Að austan móts við Hrappstaðaselsland ræður Kálfborgará frá því hún rennur úr vatninu og út í krók á ánni, sem er sunnan undir Hrauksholti, þá bein stefna vestur móti sama landi í merkjalág og þaðan sama stefna sunnanvert við Fögruhlíð og vestur gegnt Axarlækjarás síðan bein stefna vestur mot Hrappstaðalandi, sunnan vert við Stuttás þaðan bein stefna vestur eftir Axarlæk og bein lína eftir vörðum vestur og ofan af heiðinni, í klett þann, sem kallast Kerling laust fyrir austan Skjálfandafljót.

Sigurðarstöðum, 16. maí. 1890

Jón Jónsson.

Samþykkur sem eigandi Hallfríðarstaðasels Jón Árnason

Sem eigandi Lundarbrekku Jónas Jónsson

Hólmfriður Friðfinnsdóttir samþykk.

Samþykkur vegna eiganda að 6/10 Hrappstaða

Jón Sigurgeirsson

Þingl. að Ljósavatni 14. júni 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 – Króna ein

B. Sveinsson.

[11r]

№ 113.

Landamerki

Øxarár í Bárðardal.

Að sunnan ræður merkjum milli Øxarár og Hvarfs, bein stefna úr blágrýtisvörðu, sem er austast á Øxarárey, vestur yfir eyuna og kvíslina að Kárasteini, svo ræður gamall garður upp á hábrún, og siðan sama stefna vestur yfir grjótin og að Øxaránni. Þaðan skilur Øxarain lönd Øxarár og Ljósavatns alla leið að kvíslinni, og siðan ræður kvislin að svonefndum Grjótgarði og hann að Skjálfandafljóti, merkjum suður að fyrstnefndum takmörkum

Úlfsbæ, 13. júní. 1890.

Kristján Jónsson (eigandi)

Jón Ingjaldsson eigandi Hvarfs

Björn Jóhannesson eigandi Ljósavatns.

Þingl. að Ljósavatni 14. júní 1890

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 – ein króna –

B. Sveinsson.

[11r-12r]

№ 114.

Landamerki

Hóls í Kinn með Hólsgerði.

Að sunnan skifti löndum milli Hóls og Yztafells, garður sá austan í Kinnarfelli, er liggur neðan frá Skjálfandafljóti og upp á hlíðarbrún norðanvert við spangarsel, liggur garður þessi rétt sunnan við læk einn 150-200 föðmum sunnan við Stóruskriðu. Vestan í Kinnarfelli ráða vörður merkjum gegnt garði þeim er skilur lönd Gvöndarstaða og Yztafells í fjallinu verður sú merkjalína milli Klifs og þrætuteigsvörðu norðan við Yztafell.

Að vestan ráða merkjum reiðgötur þær, er liggja við rætur Kinnarfells allt norður undir Hólsleyti, þá liggja merkin norðvestur yfir Hólsmel vestarlega, vestan við Hólsrétt og beina stefnu í garð þann er liggur að Rangá að vestan og sem er framhald af túngarðinum á Hrappstöðum norðan við bæinn. Garður þessi ræður merkjum að reiðgötum þeim er liggja beint norður fra Hrappstaðabæ, en reiðgötur þessar eru merki frá Hrappstaðatúni að Garzhornslandi.

Að norðan og norðvestan, ráða fyrst vörður merkjum á milli Hóls og Garzhorns frá áður nefndum reiðgötum beint í austur niður í Rangá. Austan Rangár ræður sama lína glövuð vörðum, niður Hólsgranda (gamla Rangárfarveg) þá ræður Grandinn merkjum norður Fót allt að Skakkagranda, sem er ~~Klif~~ Kílfar eitt er liggur til norðausturs. Skakkagrandi ræður merkjum norðaustur að fljótsbökkum en á bökkunum sjálfum er forn garður sem þar skiftir löndum milli Hóls og Þóroddstaðar, rétt norðan við Hólsbreiðu.

Að austan ræður Skjálfandafljót merkjum móti londum austan fljóts. Millum Vaðs og Hóls ræður bein lína miðuð við Barnafellsgljúfur norður í Miðkvísl eftir merkjavorðum í eyum fljótsins, þá ræður Miðkvisl norðaustur í meginfljót og þar á eftir aðalfljótið.

Hali, 6. júní 1890.

| | |
|---|---|
| Sigurður Jónsson | Hans Kristjánsson |
| (eigandi að 3,4 hndr, úr Hóli) | (eigandi og umboðsmaður að 17,6 hndr. úr Hóli |
| Árni Sörensson | Jón Arason |
| (eigandi Hólsgerðis) | (fyrir hönd Þóroddstaðakirkju) |
| Sigurður Árnason | Jónas Jónsson |
| (eigandi að Hálsi) | ábúandi á Guðmundarstöðum |
| Kristján Jónsson | B. Sveinsson |
| eigandi Garðshorns | eigandi Hrappsstaða. |

Þingl að Ljósavatni, 14. juní. 1890

Borgun: Þingl. og Bókun: 1,00 – Króna ein –

B. Sveinsson.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

[12r-12v]

№ 115.

Landamerki

Valadals á Tjörnesi.

Að vestan móts við Breiðuvík ræður merkjum við sjó Syðri-Stapavíkurflöt, þaðan bein stefna í Imbuþúfuhól; þá eftir Háabratta til Ytra-Skollanafahorns hvar Sandhólaland tekur við.

Að austan móts við Máná, ræður merkjum garður neðan frá sjó, sem liggur upp mýrina milli Valadals og Mánár fram austur að Mánárgili; þaðan ræður Mánáin merkjum til Mánár=Núps, sem stendur yzt á Vatnafjallgarði.

Rekamark Valadals er 40 föðmum austar en ofangreindur garður er við sjóinn.

Valadal, 28. febr. 1890

Björn Stefansson (eigandi)

B. Kristjánsson (umboðsmaður Breiðuvíkur)

B. Gunnlögsson og S. Gunnlögsson (eigendur Mánár

Þ. Þórarinsson

Samþykkur fyrir hönd eiganda Sandhóla.

Þingl. að Húsavík, 11. júní 1890

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 – ein króna –

B. Sveinsson

[12v-13r]

№ 116

Landamerki
Ísólfsstaða á Tjörnesi.

Að norðan móts við Hól Kellingará, sem sprettur upp neðan vert í flóa, ofan vert á milli bæjanna í svonefndum Torfdalsbotni ræður merkjum að neðanverðu. Úr Torfdalsbotni ræður sjónhending á svonefnda Breiðulag utanverða, sem liggur á ásnum fyrir utan flóann. Úr Breiðulág ræður enn bein stefn í Kirkjugil og þaðan aftur í Fossgil, og mætast þar lönd Sandhóla og Ísólfsstaða.

Að sunnan móts við Hallbjarnarstaði, ræður garður sa sem liggur neðan af bökkunum uppá svonefndann Torfhol og þaðan beina stefnu uppyfir Fossamýri í svonefnda Grasholtsþúfu og þaðan aftur í Einstakaholt, og enn þaðan beina stefnu upp yfir Háumýrar eða Efri-Kirkjugilsmýrar til fjallgarðs upp sunnan við svonefnda Ytri-Sólheima

Heðinshöfða 14. maí 1886.

B. Sveinsson eigandi að 3/4 hlutum.

Samþykkur Jón Jónsson, sem umráðamaður Hallbjarnarstaða

Björn Stefánsson (Eigandi að 1/4 úr Isolfstoðum)

M. Magnússon (umráðamaður að Holi)

Samþykkur þessari landamerkjaskra

Johannes Johannesson eigandi að 3/4 ur Ytri-Tungu

Samþykkur fyrir hönd eiganda Sandhóla Þ. Þorarinsson.

Samþykkur sem eigandi að 1/4 ur Ytri-Tungu

Jón R Jónsson.

Þinglesin að Húsavík, 11. júní. 1890

Þingl. og Bokun, 1,00 – ein Króna –

B. Sveinsson.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS



№ 116.

Landamerki

Arnarness í Kelduhverfi

Að norðaustan frá rekamarki milli Þórunnarselsreka og Arnarnessreka, þaðan stefna til suðurs í vörðu vestan við Þórunnarselsbæ 45 faðma frá bænum og beint fram í vörðu þá, sem stendur á nyrðri kílbakka, þaðan ræður kíllinn landi austan við Grænutoft, siðan ræður gamli farvegur kílsins til norðvesturs austan við alla hlaupodda, austan við Nýabæjartanga vestan við Bitholt og sömu stefnu til sjóar út. Innan þessara ummerkja á Arnarnes allt land óátalið.

Bakka, 20. júní. 1890

Fyrir hönd eiganda Arnarness og jarðar minnar Kelduness

Indriði Ísasksson.

S. Gunnlögsson Þ. Flóventsson Vilborg Þórarinsdóttir.

Samþykkur fyrir hönd þess ómyndugu Sigriðar Bjarnadottur

Þ. Þórarinsson.

Eigendur jarðarinnar Þórunnarsels

Samþykkur Nyabæjar vegna G. Guðmundsson

Rétt eftir ritað vottar Indr Ísaksson.

Þingl. að Keldunesi, 23, júni. 1890

Borgun: Þingl. og Bókun 1.00 Kr – ein Krona

B. Sveinsson.

[14r-14v]

№ 117.

Landamerki

Fjalla og Auðbjargarstaða

Samkvæmt merkjadómi þeim er kveðinn var upp hinn hinn 17 dag September mánaðar 1887, eru landamerki þessara jarða að norðan og austan þessi: Bein stefna úr vestari endanum á garðinum í Selsnesi yfir mitt skarð vestan við austari Rifós og þaðan til sjóar og suður á við aftur frá garðendanum, sömu beina stefnu í salta götu og svo til austurs eftir götunni móts við Sjónarhól þar sem lönd Víkingavatns og Fjalla koma saman, frá Sjónarhól til suðurs í Rauðastein á hnyklabrekkum, þaðan sömu stefnu í Þríhyrning og svo fram í Rauðhól, úr Rauðhól til vesturs eftir Bláskógaveginum á Sæluhús, þaðan beina stefnu norðvestur í svonefndann olboga í miðju Jóhannesar-gili, þaðan beina stefnu til norðurs eftir háfjallgarðinum í vestustu vörðu á Biskupsás á Tunguheiði, þaðan skálína, lítið eitt til norðausturs mitt á milli Auðbjargarstaða og Bangastaða víðáttur á Gerðibrekku er ræður merkjum að sjó fram.

Reka fyrir Fjalla og Auðbjargarstaðalandi, nær ekki lengra en útí Sölmundarós, sem er skammt sunnan við Gerðibrekkuhausinn.

Ási 4. maí. 1889.

Vegna Fjalla og Auðbjargarstaða eigenda E. Gottskálksson

Samþykkur fyrir hönd eiganda Lóns og Bangastaða. Ási, 4. maí. 1889.

Árni Kristjánsson.

Samþykkir þessum merkjum fyrir Skarðaland.

Jón A. Árnason. Jón Jónsson Jakobína Jónsdóttir

Samþykkur að því er snertir merkin milli Fjallalands og Þeistareykja

B. Kristjánsson (Múlaprestur)

Fyrir hönd Húsavíkurlands samþykkir

Finnb Rútur Magnússon (prestur á Húsavík.)

Samþykkir fyrir Víkingavatn

Þórarinn Bjarnarson Kristján Árnason.

Samþykkir eigendur jarðarinnar Ytritungu

Jóhannes Jóhannesson Jón Jónsson.

Samþykkir ábúendur á jörðunum Syðritungu, Tungugerði og Kvíslarhóli:

Þ. Eiríksson Ólafur Egilsson Guðni Gislason

B Sveinsson eigandi Heðinshöfða.

Þinglesin að Keldunesi, 23, júní. 1890

BorgunÞ Þingl og Bókun 1,00 – ein króna

B. Sveinsson.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

[14v-15r]

№ 118

Landamerki

Hóls í Kelduhverfi

Að norðvestan af sandi bein lína í svokallað Tjarnaleyti, þaðan sömu stefnu í Hólkot, þá sömu stefnu í Hermannshól og þá sömu línu framfyrir hæsta skarði rétt utan við Reykjaheiðarbraut, þaðan austur í Skellikjaft, þá sömu línu í Einbúa þaðan í norðuastur í vörðu skammt neðan við Skollhól, þaðan sömu línu í Oddagerði og allt í sand út í Áslandamerkjalínu, þaðan samhliða Áslandi í norðvestur í yztu Hólsnöf og sömu stefnu þangað, sem Áss og Keldunesslönd koma saman á sandi út.

Sjóarlandi, 27. maí. 1889.

Sigurbjörn Friðriksson (eigandi Hóls.)

Sem umboðsmaður fyrir Ás og Undirvegg E. Gottskáksson

Samþykkur fyrir Kelduness Indriði Ísaksson.

Samþykkur fyrir Grenjaðarstaðakirkjuland eftir umboði

B. Þ. Víkingur.

Þinglesin að Keldunesi, 23. júní, 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 kr – ein króna –

B. Sveinsson.

[15r-15v]

№ 119.

Landamerki

Bjarnarstaða í Axarfirði.

Að sunnan og vestan: Úr Rauðhólanybbu í Grenishól þaðan í garð er liggur um Stórarjóður og Brunkollurjóður og í Vaðkotsá. Að norðan: Sömu stefnu í vörðu er stendur á melnum vestan við Kringlu, á sléttuböndum. Þaðan bein stefna suður í Rauðhólanybbu (Rauðhólaþúfu) samkvæmt landamerkjaskrá Hafrafellstungu.

Austaralandi, 10. maí. 1890.

Páll Jóhannesson.

Fyrir hönd Skinnastaðahrepps 1890

B. Gunnlögsson.

Samþykk vegna Hafrafellstungu

Sigurveig Sigurðardóttir

Guðrún Eiríksdóttir Sigvaldi Eiríksson.

Þinglesin að Skinnastöðum, 24. júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 Kr – ein króna –

B. Sveinsson.

[15v-16r]

№ 120.

Landamerki
Byrgis í Kelduhverfi.

Að austan ráða Byrgisbjörg allt að Meiðavallahamri, sem er skammt frá svokölluðum Botnslæk, sem fellur ofan í Byrgið, þaðan beina stefnu í bjargið, sem nær lengst austur í Byrgið suðaustur af Meiðavallabæ; þaðan beina stefnu í Stórastein á sandi úti í jaðar á Áslandi.

Fyrir hinn litla hluta af landi, sem Meiðavellir eiga í Byrginu, samkvæmt ofanrituðum landamerkjum á ábúandi Meiðavalla heimila hagagöngu fyrir lömb sín að hausti til

Skógum, 21. júní. 1890.

Þ. Kerúlf (eftir fullmakt.)

S. Gunnlögsson Sigurveig Sigurðardóttir B. Gunnlögsson

eigendur Meiðavalla

Samþykkur vegna Áss sem umboðsmaður

B. Jónsson.

Þinglesin að Keldunesi, 23. júní 1890

Borgun. Þingl. og Bókun 1,00 Kr – ein króna –

B. Sveinsson.

[16r-16v]

№ 121

Landamerki.

Þverár í Húsavíkurhreppi

Að vestan ræður Helgá merkjum suður að svokölluðum merkigarði, sem liggur þvert upp frá henni nokkru sunnar en á móti Holtakoti, garðurinn ræður merkjum að sunnan meðan hann endist og siðan hin sama stefna austur yfir Reykjafjall austur í Lambafjöll, sem ráða merkjum að austan norður í Tröllagil, sem ræður merkjum að norðan meðan það endist en úr því ræður Þveráin þar til hún rennur í kvíslina.

Land það, sem Þverá á á Hvammsheiði, afmarkar kvísl sú er rennur úr Langavatni í Mýrarvatn að austan, merkjalína að sunnan er hvíslin þar til hún beygist suður og ráða þá vörður til vesturs sunnan við Lómatjörn vestur á þjóðveginn, sem liggur eftir endilangri Hvammsheiði og ræður hann merkjum að vestan. Að norðan er merkjalínan þvert vestur frá kvíslinni yfir miðjan Íshól vestur á þjóðveginn og er sú stefna mörkuð með tveim vörðum.

~~(Norður frá bænum Þverá í miðja Bótarengi á Þverá engjaítak svonefndann Þverárteig, sem umgirtur er fornum garði, um ítak það er gerður sérstakur samningur, er innfærður verður í landamerkjabók eftir að hann hefir verið þinglesinn.)~~

[Innskot á spássíu] Ítakinu ekki lýst samkv. áskorun 20.5.1953. Því er það niður fallið. J. Skaptason.

Þverá, 3. júní, 1890.

Árni Jónsson.

Samþykkur fyrir Stóru Reyki með Litlu-Reykjum og Holtakoti eftir vottföstu umboði frá umhoðsmanni eiganda

Jón Jónsson.

Samþykkur eigandi Heiðarbotns Sigurður Jónsson

Samþykkur ábúandi og umráðamaður Skóga Árni Sörensson.

Samþykkur að því er snertir landamerki Árbótar, Núpa og Laxamýrar Sigujón Jóhannesson

Þingl. að Húsvík 11. júní. 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 Kr – Króna ein –

B. Sveinsson.

[17r-17v]

[Innskot á spássíu] Ítökunum var ekki lýst samkvæmt áskorun frá 20.5.1953. Ítökin eru því niður fallin. J. Skaptason

~~№ 121-122~~

~~Samningur~~

~~Milli jarðanna № 121 og 122 í þessari bók.~~

~~Við undir skrifaðir: eg Sigurður Jónsson eigandi og ábúandi Heiðarbótar og eg Árni Jónsson ábúandi Þverár, fyrir hönd eiganda Þverár tengdaföður míns Jónasar Jóhannessonar á Øndólfsstöðum, gerum kunnugt með þessu bréfi, að við höfum gert samning um notkun landsnytja jarðanna Heiðarbótar og Þverár, svo sem hér segir:~~

~~1.~~

~~Engjapartur sá, sem liggur í Heiðarbótarengi, Þverárteigur nefndur, og sem er umgirtur fornum garði sem enn sér glögg merki til, skal ávallt hér eftir, eins og að undanförnu hefir verið vera óátalið slægjuland Þverár, og skal enginn annar hafa þar rétt til slægna. En eigi skal eigandi eða ábúandi Þverár hafa rétt til beitar í hinum nefnda engjateig og má ekki heldur beita hann frá Heiðarbót svo til skaða verði slægjum.~~

~~2.~~

~~Fyrir slægjur þær, er Þverá eru heimilaðar í næstu grein á undan skal Heiðarbót eiga hagbeit fyrir sauðfé á hverjum tíma árs sem er í svonefndu Bótarfjalli, sem er í Þverárlandareign. Beitarréttur sá, er hér er nefndur skal ná yfir þann hluta Bótarfjalls, er liggur fyrir norðan línu sem dregin er frá Olboga hinum ytri þar sem Tröllagil og Hvammgil mætast og beina stefnu í Sjónarhól, sem er fyrir vestan Lækjardal. Í þessum landsparti skal Þvera meiga hafa beit fyrir hross og nautgripi og sömuleiðis slægjur þá er þær verða notaðar en ekki sauðfjárbeit.~~

~~3.~~

~~Þessi samningur skal gilda fyrir okkur og alla siðari menn, og jörðunum héreftir ávalt fylgja þau réttindi og takmarkanir, sem að framan er sagt.~~

~~4.~~

~~Af þessum samningi skal gjöra tvö samhljóða frumrit og skulu eigendur hinna nefndu jarða varðveita sitt frumritið hvor.~~

~~Þverá, 14. septembr. 1889.~~

~~Sigurður Jónsson Árni Jónsson~~

~~Vitundarvottar:~~

~~Jón Jónsson.~~

~~Snorri Oddsson.~~

~~Þinglesið á Húsavík, 11. júní 1890.~~

~~BorgunÞ Þingl. og Bókun 1,00 Kr – ein Króna –~~

~~B. Sveinsson.~~

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



№ 122.

Landamerki

Heiðarbótar í Húsavíkurhreppi.

Að norðan ræður merkjum gamall garður, sem liggur uppfrá kvíslinni (Mýrarkvísl) lítið eitt norðan við það sem Þverá rennur í hana. Garður sá liggur upp yfir miðjan Kolbeinsmó og upp fyrir sunnan Dýakot. Þegar kemur upp fyrir Stöpla beygist hann til suðausturs og loks til suðurs þar til er hann endar við Þverá móts við Táarmel. Þaðan ræður Þverá merkjum að sunnan til þess er hún fellur í kvíslina og svo kvíslin útað garði þeim sem í upphafi er nefndur, og á Heiðarbót á mitt meginvatn Þverár og kvíslarinnar á þessum parti.

[Innskot á spássíu] Itökunum var ekki lýst samkvæmt áskorun 20.5.´53. Eru þau því niður fallin. J. Skaptason.

~~(Beitar ítak á Heiðarbót í bótarfjalli í Þverárlandi, sem gerður er sérstakur samningur um og verður hann innritaður í landamerkjabókina, ásamt með þessari landamerkjaskrá.)~~

Heiðarbót, 24. maí. 1890.

Sigurður Jónsson.

Samþykkur ábúandi og umráðamaður Þverár Arni Jónsson.

Samþykkur ábúandi og umráðamaður Skóga Árni Sörensson.

Þingl. að Húsavík, 11. júní 1890

Borgun: þingl. og Bókun 1,00 Kr – ein króna –

B. Sveinsson.

[18v-19r]

№ 123.

Landamerki

Stóru=Reykja með Litlu Reykjum og Holtakoti

Að vestan móti landeignum Ness og Árbótar ræður Reykjakvísl og eiga Reykir í mitt meginvatn hennar.

Að norðan ræður enn hin sama kvísl þar til er Helgaá kemur saman við hana, þá ræður Helga á merkjum til suðurs allt þar til er gamall garður liggur uppfrá henni til austurs nokkru sunnar en á móts við Holtakot. Síðan ræður garður sá merkjum, svo langt sem hann nær og siðan hin sama stefna til Lambafjalla. Að austan ráða Lambafjöll. Að sunnan austur fra Reykjakvísl, ræður merkjum garður sá, er liggur austur sunnan á Hrakholti og austur á Litluhraksholt. Þaðan ræður bein stefna í Litlugróf; þá ræður lækur sá er rennur eftir Litlugróf til þess er hann kemur saman við læk þann er rennur eftir Löngugróf, þá sá lækur til þess er hann kemur saman við syðstakverslæk. Siðan ræður merkjum Syðstahverslækur uppí Syðstahver. Úr Syðstahver ræður svo bein stefna til Lambafjalla.

Stóru=Reykjum, 22. maí. 1890

Sem umbooðsmaður jarðanna Stóru Reykja asamt Litlu-Reykjum og Holtakoti

Sigurjón Kristofersson.

Samþykkur sem abuandi og umráðamaður Þverár, Árni Jónsson

Samþykkur að því er snerti Nes í Aðalreykjadal og Þeistareykjaland, samkvæmt umboði frá umráðamanni Múlakirkju

Jón Jónsson

Fyrir hönd þjóðeignarinnar Brekknakots er eg samþykkur

Petur Jónsson (settur umboðsmaður)

Þinglesin að Húsavík, 11. júní. 1890.

Borgun: Þingl. og Bokun 1,00 kr – ein króna –

B. Sveinsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS



№ 124.

Landamerki

Kollavíkursels í Þistilfirði.

Milli Krossavíkursels og Kollavíkursels, eru landamerkin úr stórum steini, sem stendur á hlóðum svo loftar undir hann, á svokallaðri Øxl vestan við fjallgarðinn og svo í storann stein í Flóanum og úr honum í stein við Ormarsá, sem kallaður er Steinbógi.

Milli Kollavíkursels og Óttarsstaða, ræður bein stefna úr miðju Svalbarðsskarði í Biskupsþúfu á Biskupsás og sama stefna í Ormarsá.

Raufarhöfn, 29 maí 1890.

Jakob Gunnlögsson.

Ólafur Petersen
(prestr að Svalbarði) Þórdís Sigfúsdóttir (eigandi Krossvíkursels)

Þingl að svalbarði, 26, júní 1890

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 kr – ein króna –

B. Sveinsson.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

[19v]

125.

Landamerki

Krossvíkursels í Þistilfirði

1. Merkilínan millum Krossavíkursels og Kollavikursels er úr stórum steini, er stendur á hlóðum (svo loftar undir hann) á svokallaðri Øxl vestan við fjallgarðinn og svo í stórann stein í flóanum og úr honum í stein við Ormarsá, sem kallaður er Steinbogi.

2. Millum Krossavíkur og Krossavíkursels, er merkilínan út og suður eftir miðjum fjallgarðinum frá Krossavíkurselslandi til Ormalonslands.

3. Að norðan – á millum Ormalóns og Krossavikursels, er bein lína úr miðjum fjallgarði vestur í svonefnda Bláskriðu og Ormarsá. Að vestan ræður Ormarsáin landamerkjum.

[Innskot á spássíu] Itakinu ekki lýst samkv. áskorun 20.5.´53. Því niður fallið. J Skaptason.

~~(Einn þriðja part á Krossavíkursel úr viðreka fyrir Krossavíkurlandi.)~~

Sjóarlandi, 24. marz, 1890.

Þórdis Sigfúsdóttir. (eigandi)

Jakob Gunnlogsson (eigandi Krossavíkur)

Fyrir hönd Sigfúsar Árnasonar og Sigríðar Árnadóttur sem eiga 2/3 af Krossavík, samþykkir Hjörtur Þorkellsson

Sem umboðsmaður Ormalons samþykkur

Stephan Stephensen

Þingl. að Svalbarði 26, júni 1890. Borgun: Þingl og Bokun – ein króna –

B. Sveinsson.

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

[20r20v]

№ 126

Landamerki

Valla í Þistilfirði

1. Milli Valla og Sjóarlands, ræður Víðidalsá merkjum frá ósi hennar suður og vestur til Sjóarlandsland innilykst millum Valla og Brekknakotslandareignar, við svonefnt Stóraviðarvatn, eftir það liggur landamerkjalínan beint úr nefndu árminni yfir vatnið, og og svonefndann Natthaga, vestur í fjallgarðsbrekkuna stefnu í Merkiöxl, sem er utan við Svalbarðsskarð.

2. Landamerkjalína milli Valla og Borga er úr yzta forvaða í Vallafjörum í Landamerkjavörðu á Víðarfjallinu, þaðan í Skeiðflatargil og þaðan beina stefnu sunnan við Urriðatjörn vestur við fjallgarð.

Allan reka á jörðin Vellir fyrir landi sínu frá Víðidalsárósi í yzta forvaðann.

Laxárdal. 14 marz 1889.

Jón Bjarnarson.

Þessu samþykkur hvað snertir landamerkin milli Valla og Borga

Jakob Gunnlögsson

Ofanskrifuðu samþykkur að því er snertir Svalbarðskirkjuland

Hannes L. Þorsteinsson (þjón.pr.)

Samþykkur að því er snertir Landamerkin milli valla og Sjóarlands

Sigurbjörn Friðriksson.

Verte

[Fletta, sbr. framhald á hinni hlið síðunnar]

Þingl. að Svalbarði 26. júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun Kr 1,00 – ein króna –

B. Sveinsson.

№ 127.

Landamerki

Ytraálands í Þistilfirði.

Að suðaustan ræð Höltná (Hólkná) frá sjó inn í miðjann Þrivörðumel við ana sunnan við Selflóa. Að sunnan ræður bein stefna úr miðjum Þrívörðumel vestur yfir tunguna eftir vörðum utanvert við Gönguhóla, sem liggja syðst við Bjarnardal austan megin í Klopp á Sandá þaðan ræður aðalfarvegur Sandár til sjóar.

[Innskot á spássíu] Ítaki ríkissjóds var ekki lýst samkvæmt áskorun dagsettri 20.5.1953. Er það því niður fallið. Jóhann Skaptason

~~(Trjáviðarreki fyrir landareigninni er eign landssjóðs, að fráskyldum vogrekum og leiguliðanotum.)~~

Ytra=Alandi, 15. maí. 1886.

| | |
|---|---|
| Davíð Jónsson | Guðrún Eiríksdóttir |
| (eigandi að 1/2 Álandi) | (eigandi að 1/2 Álandi) |

Sigfús Jónsson umboðsmaður eigenda Syðra Alands
Lárusar Guðmundssonar í Papey

Þingl. að Svalbarði, 26. júní. 1890.

Borgun: Þingl. og Bokun, 1,00 – ein króna –

B. Sveinsson.

[21r]

№ 128.

Landamerki

Syðra=Álands í Þistilfirði.

Að utan úr Þrívörðumel við Hólkná, beint í vestur í vörðu á mel við Bjarnardal utan vert við Gaunguhola, og þaðan sömu stefnu í Sandá. Þaðan ræður áin inn í mel sem er vestur af Syðri-hæðaþúfu, og svo úr þeim mel beint austur í hæðaþúfuna, þaðan beint í Sigurðarstrýtu á Vörðuásenda ytri; þaðan austur í Grjóthól og þaðan í vörðu við Hólkná við Merkjalækjarós. Þaðan ræður áin í Þrívörðumel sem fyrst er nefndur.

Syðra=Álandi, 8. maí. 1890.

Sigfús Jónsson

umboðsmaður eigandans Lárusar Guðmundssonar Papey.

Guðrún Eiríksdóttir
eigandi að 1/2 Ytraálandi

Davíð Jónsson
(Eigandi að 1/2 Ytraálandi)

Stefán Jónsson umráðamaður Leirlækjar.

Þingl. að Svalbarði, 26, júní. 1890

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 kr – ein króna –

B. Sveinsson.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

[21r-21v]

№ 129.

Landamerki
Kerastaða í Þistsilfirði

Að utan úr vörðu við Merkilækjarós við Hólkná vestur í Grjóthól og þaðan í Sigurðarstrýtu á Vörðuás, svo beint fram há ásinn í vörðu syðst á ásnum, þaðan sömu stefnu eftir gömlum vörðubrotum í vörðu norðaustur við Miklavatn, þaðan suður og ofan að Geldingalæk og yfir lækinn að Torfbankamel, þaðan inn með læknum inn í Þúfu rétt austan við lækinn, sem er spölkorn sunnan við Nýstaðastekkinn. Að sunnan ræður frá læknum merkjalínan milli Hafursstaða og Kviastaða beint austur eftir vörðubrotum í Hólkná. Að austan ræður áin, þaðan í fyrstnefnda vörðu.

Syðra=Áslandi, 8. maí. 1890.
Sigfús Jónsson umboðsmaður
eigandans Lárusar Guðmundssonar Papey

Umraðamaður Leirlækjar Stefán Pétursson.
Samþykkur fyrir Hafursstaði Jón Bjarnarson.
Þinglesin að Svalbarði, 26. júní. 1890
Borgun: Þingl. og Bokun 1,00 kr – ein króna –
B. Sveinsson.

[21v-22r]

№ 130.

Landamerki

Hvapps í Þistilfirði

Að utan ræður bein lína í vestur úr Hólkná miðja vegu milli Hafursstaða og Hvapps í Balafellsbrún svo ræður fjallsbrúnin suður í Vatnsendaskarð, svo ræður lækur sá er úr skarðinu rennur í Hólkná.

Að austan ræður áin.

Syðra-Álandi, 8. maí. 1890.

Sigfús Jonsson.

Umboðsmaður eigandans L. Guðmundssonar í Papey.

Jón Bjarnarson umráðamaður Hafursstaða.

Árni Davíðsson. S. Friðriksson Kr. Vigfússon Jón Árnason

Hjörtur Þorkellsson vegna jarðarinnar Vatnsenda.

Þingl. að Svalbarði 26. júní. 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 kr – ein króna –

B. Sveinsson.

[22r-22v]

№ 131

Landamerki

Grjótness og Kílness á Sléttu.

Úr Hvalgjá norðan á Rauðanúp til ~~vörðu. til~~ vörðu sem gjörð er á Standbergsklöpp sunnan og austan við svonefndann Ketil á Núpnum, þaðan beina línu í Grjótnessklett, sem stendur á Jörfanum austur af syðri enda Kötluvatns og siðan til Miðþúfu er stendur á Jörfanum og þaðan í vörðu sem stendur á Kjalarás, þar sem hann er hæstur. Varða þessi er honrmark á landinu, því þar kemur merkjalínan milli Leirhafnar og Kílsness, sem er úr Bángsaþúfu, er stendur á malarkambi við sjó fram nokkru innar en Hraunaþúfa, og til austurs yfir Hraunamýri, milli tjarnanna, þaðan á nyrðri enda Brunavatns, síðan sömu línu í Hraunklöpp á hálsinum norður af Geflu þar sem varða er hlaðinn, siðan sömu stefnu austur til heiðar og norðarlega í tjarnarflagið sem er vestan undir Kjalarás og til grjótvörðu er stendur á nefndum ás þar sem hann er hæstur. Það er hornmarksvarða eins og áður er sagt, og eru því þetta landamerki áðurgreindra jarða.

Kílsnes er talið afbýli frá Grjótnesi. Liggur Oddstaðaland að austan en Leirhafnar að sunnan.

Grjótnesi, 22. marz. 1890.

Stephan Stephensen Guðm. Jónsson.

Eftir skriflegri fullmakt Þ. Hálfdánarson

Margrét Hálfdánardóttir

Þingl. að Presthólum, 25. júní. 1890

Bókun og þingl 1,00 kr – ein króna –

B. Sveinsson.

[22v-23r]

№ 132.

Landamerki

milli Sigurðarstaða og Oddsstaða á Sléttu

eru úr Straumlónsós og í Flatbyttutanga og þaðan í Ytra-miðleiti úr því aftur í Fremra-miðleiti þaðan í þúfu á Bessaás Kollás og svo til heiðar í Kambás, austan við Jónsdalsmýrar; þaðan í vörðu á Kjalarás þar sem hann er hæstur; síðan beint í þúfu sem kölluð er Miðþúfa á Jörfanum og úr henni eftir Jörfanum í Grjótnessklett, sem er á Jörfanum austan við syðrienda á Nupskötluvatni; þaðan beina línu í vörðu á klöpp á Rauðanup austanvert við svonefndan Ketil og úr henni í gjá á Núpnum við sjóinn (Hvalgjá). Liggur því Sigurðarstaðaland austan við Oddstaðaland, en að sunnan Leirhafnarland og að vestan og norðan Kílsnessland og Grjótness

Grjótnesi, 22. marz. 1890.

| | |
|---|---|
| Fyrir hönd umboðsmanns | Guðmundur Jónsson. |
| Stepháns Stephensens | Þ. Hálfánarson staddur á Gtjótnesi |
| Guðm. Jónsson | Margrét Hálfdánardóttir |

Samþykkur fyrir hönd Prestholakyrkju Halldór Bjarnarsson.

Þinglesin að Presthólum, 25. júní 1890

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 kr – ein króna –

B. Sveinsson.

[23r-23v]

№ 133.

Landamerki

Fyrir Syðri-Brekkum á Lánganesi

Að sunnan fyrir landinu ræður kíll, úr Hafralónsá þangað sem Fiská fellur í hann, þá ræður Fiská upp til Fiskárvatns, þaðan bein stefna úr syðsta-fiskarvatni í mitt Krókavatn. Að austan ræður bein stefna úr miðju Krokavatni í Þernuvatn ræður þá Þernuvatnið merkjum þangað, sem Þernuvatnslækur fellur úr því, til norðvesturs ræður þá Þernuvatns lækurinn merkjum þar til hann fellur í Fossá, þaðan ræður bein stefna til vesturs í vörðu á fjallsbrún eður Bungu, þaðan bein stefna í Merkistein, þaðan bein stefna í klöpp í Sandkrók þaðan strandlengis í Hafralónsarós og ræður hun þá merkjum í Ytri-Kílsós.

Við eigendur og ábúendur þessara jarða erum þessum landamerkjum samþykkir

Halldór Guðbrandsson (eigandi að Syðri=Brekkum

Guðmundur Björnsson (eigandi 1/2 Hallgilsstaða)

Björn Guðmundsson Halldór Kristjánsson

Benidikt Árnason. Stefán Petursson (eftir fullmakt frá yfirráðanda Smirlafells)

Jón Danielsson eigandi að Ytri=Brekkum

Þinglesin að Sauðanesi, 27. júní. 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun, 1,00 kr – ein króna

B. Sveinsson

[23v-24v]

№ 134.

Landamerki

Áss og Svínadals í Kelduhverfi.

Eftir löggildandi landamerkjabrefi fyrir jörðunni Asi í Kelduhverfi og afbýlisjörð hennar Svínadal og eftir því sem kunnugir menn helzt til vita, eru þessi landamerki áðurnefndrar jarðar:

Ás á land allt að utan og austan frá syðri enda á Svartbaksskeri við Jökulsá og með henni fram í Dettifoss, og þaðan beint vestur í Eilífshnjúk, og þaðan beint vestur á Gangnamannaskarð (hið syðra) í Hrútafjöllum, og þaðan þvert í vestur þangað til bein stefna fæst útí Búnguveggi (rétt horn) og úr Bunguveggjum beina línu útí Eyólfshæð austur í Kerlingarhól, og svo austur í Merkiþúfu og Arndisarhóla og alla leið á Meiðavallahamar við Byrgisbotn; síðan ráða Byrgisbjörg landamerkjum á millum jarðanna Áss og Byrgis það sem Björgin taka. En þaðan sem bjorgin enda, á Ás beina línu í Hólsnafir og land allt þar fyrir utan að Keldunesslandi útyfir Stórá og út yfir svonefndann Randarselskíl, í vörðu þá á kílbakkanum, sem er merkivarða millum Kelduness og Þórunnarsels landa. Þaðan utanað kílnum beina línu til suðausturs í syðrienda Svartbakaskers.

[Innsk af spássíu] Ítökum ekki lýst samkvæmt áskorun 20. maí 1953. Eru þau því niður fallin. J. Skaptason

~~(Eftir máldögum á Áskirkja allan [reka] á Sandi út, frá Keldunessreka að Jökulsá; þriðjung í viðarreka á Harðbak, fjórðung í Vellankötlureka og hinn 10 hluta í hvalreka á Vermslareka, og skipan á þeim hluta ef rekur, en ekki ella.~~

~~En fremur átta hesta göngu á Mývatnsfjölum.)~~

Ási, 1. maíman. 1889.

Fyrir hönd eiganda Áss: Jóns Bjarnarsonar í Laxardal og Helgu Jónsdóttur að Syðralóni eftir fullmakt þeirra E. Gottskálksson.

Þessum framanrituðu landamerkjum erum vér, sem eigum lönd að Áss og Svínadalslandi, samþykkir, og til staðfestu eru nöfn vor hér undir rituð.

Að því er snertir merki milli Áslands og Þeistareykja, er eg samþykkur

B. Kristjánsson (umboðsmaður Þeistareykja)

Á. Bjarnarson, fyrir hönd Vilbogar Þórarinsdóttur í Kílakoti, eiganda 3/8 hluta úr Þórunnarseli. Þórður Flóventsson fyrir sig og stjúpdóttur sína Sigríði Bjarnadóttur, sem bæði eiga 3/8 hluta úr Þórunnarseli. S. Gunnlaugsson eigandi 1/4 úr allri jörðinni Þórunnarseli.

Að því er merki snertir milli Áslands og Reykjahlíðar er eg samþykkur merkjalýsing þessari Sigurgeir Pétursson, ábúandi og eigandi Reykjahlíðar.

Að því er snertir merki milli Áss og Keldunesslanda er eg samþykkur eigandi Kelduness.

Indriði Ísaksson

Vegna mín og móður minnar S. Gunnlaugsson eigandi Meiðavalla.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

[Innskot á spássíu] Ekki lýst niður fallið. JS.

~~Samkvæmt landamerkjaskrám fyrir Harðbak á Munkaþverarklaustur 2/3 úr trjáviðarreka fyrir landi jarðarinnar~~

~~Stephan Stephensen~~

Rétt endurrit staðfestir. Skinnastöðum, 12. maí 1890.

Þorleifr Jónsson

Þinglesin að Skinnastöðum, 24. júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun Kr 1,00 – ein króna –

B. Sveinsson.

№ 135

Landamerki

Hóls á Tjörnesi.

Að sunnan ræður merkjum á millum Hols og Ísólfsstaða við sjó gil það sem svokölluð Kerlingará rennur eftir, þaðan ræður Kerlingará uppí Hólsflóa, þá bein stefna til austurs í merkjavörðu þá, þar sem mætast Ísólfsstaða land og Sandhóla.

Að norðan ræður merkjum við sjó, svokölluð Kaldaveita. Frá Kölduveitu ræður garðsbrot sem liggur til austurs í grasþúfu á næstsyðsta melhól þann sem er spölkorn utan við Hól þaðan bein stefna til austurs í vörðu, sem hlaðin verður á svonefndum Miðdegisás, frá henni bein stefna fremst yfir Ketilsstaðadal og í stórann merkjastein er stendur á vestari Kirkjugilsbarmi, þaðan sömu stefnu þvert yfir Kirkjugil í Selmýrarþúfu og einnig sömu stefnu austur í áður nefnda vörðu, þar sem mætast Sandholaland og Ísólfsstaðaland.

Hóli í maímánuði 1890.

fyrir hönd Hóls Helgi Þorkellsson.

Fyrir hönd eiganda Ketilsstaða, Sandhola og Mýrarkots samþykkur Þ. Þórarinsson.

Þingl. að Húsavík 11, júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 ein króna –

B. Sveinsson.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS



№ 136.

Landamerki

Mánár á Tjörnesi.

Að austan tilheyrir jörðunni reki allur í Engidalsgjá, en land í vörðu, sem hlaðin verður mitt á milli Engidalsgjáar og Reykjavalla, úr nefndri vörðu í efri jarðbakkahaus og í Biskupsvörðu við almannaveg á Tunguheiði, þaðan í Vatnafjallgarð, svo í Mánárnúp, siðan vestanvert í Miðdegisás þaðan í efri garðsenda vestan við Engikeldu í Mánármýri, ræður svo garður sá landi til sjáfar en rekamark 40 foðmum austar.

Skogum og Ærlækjarseli, 20. júní 1890

B. Gunnlögsson S. Gunnlögsson. (eigendur Mánár)

A. Kristjánsson (fyrir hönd eigenda Bangastaða)

B. Stefánsson (eigandi Valadals)

Fyrir hönd eigenda Sandhóla samþykkir

Þ. Þórarinsson.

Þingl. að Húsavík, 11. júní. 1890.

Borgun: Þingl. og Bokun, 1,00 – ein króna –

B. Sveinsson.

[26r-26v]

№ 137.

Landamerki
Sandhóla á Tjörnesi.

Að sunnan aðskilur Sandhóla og Ketilsstaðaland, svo kallaður Merkilækur frá sjó og spölkorn upp í mýrina þar til hann beygist lítið eitt til norðurs, þá vottar fyrir garði, sem ræður merkjum upp í melhóla norðan við Ketilsstaði; Þaðan ræður hinn sami garður merkjum og stefnir suðaustur til heiðar upp í ása neðan við Kirkjugil, þá í hól þann, sem nefndur er Denghóll, og stendur við fyrrgreint gil, þá rétsýnis til þúfu þeirrar, sem stendur á Fossgilsás, þá sama stefna að Fossgilsflötum mots við Ísólfsstaðaland, hvar merki varða er hlaðin, þaðan sjónhending norðan við Ytri-Sólheima og á fjallgarð upp móts við Mánárland.

Að austan skilur Fosslækur land milli Sandhóla og Breiðuvíkur, upp í garð þann, sem liggur úr Fossgili austur í Tröllagil, þaðan ræður Tröllagil fram til heiðar réttsýnis í Skollanafarenda ytri fyrir framan Breiðuvíkurbotna, þá á fjallgarð austur mots við mánárland.

Jjörðinni tilheyra sker þau, sem liggja fyrir landi hennar norðvestur eftir Breiðuvík vestan við Fosslæk þar sem hann rennur í sjó. Að öðruleyti skal þess getið, að kópaveiði vestan skerjanna tilheyrir Sanhólum, ~~(en austan að þeim Breiðuvík kirkjujörð frá Grenjaðarstað, sem ítaksrettur.)~~

[Innskot á spássíu] Ítaki ekki lýst samkv. áskorun 20.5.´53. Er það því niður fallið. J Skaptason

Sandhólum, 12. november 1889.
Þ. Þórarinsson.
(fyrir hönd Jóns Þorkellssonar eiganda jarðarinnar.)

| | | |
|---|---|---|
| Fyrir kirkjujörðina Breiðuvík. B. Kristjánsson | M. Magnusson eigandi Ketilsstaða | B.Gunnlögsson S. Gunnlögsson eigandur Mánár, samþykk ofanritaðri landamerkjaskrá |
| Björn Stefánsson eigandi Valadals og 1/4 úr Ísólfsstöðum | | B. Sveinsson eigandi að 3/4 úr Ísólfsstöðum. |

Þinglesin að Húsavík, 11. júní 1890.
Borgun: Þingl. og Bókun kr. 1,00 – ein króna –
B. Sveinsson.

[26v-27r]

Nº 138

Landamerki

Halldórsstaða í Reykjadal

Að norðan móts við Fagranes ræður Vatnsendavarð á Reykjadalsá og gil það er þaðan liggur upp til hæðarbrúnar svo ræður bein stefna úr gilbotninum austur á há heiði gegnt Múlalandi. Að sunnan móts við Øndólfsstaði, eru merkin í stein þann er stendur norðan við Helluvað á Reykjadalsá og hér eftir nefnist Merkisteinn, og ur honum í Reykjadalsá. Til austurs frá merkisteini ræður bein stefna í miðjan Hellumel sem liggur austan í Heiðarbrúninni og þaðan sama stefna austur gegnt Kálfalækjarbotni. Að austan ræður Kálfalækur út að Tvígörðum ~~vestur á háheiði~~. Að norðan móts við Múlastað bein stefna frá Tvígörðum vestur á háheiði.

Innan þessara ummerkja, liggur hjáleigan Partur, með óskiftu landi og engi, sem eftir jarðabókinni 1861 er 2/9 allrar jarðarinnar

~~(Prestsetrinu Helgastoðum er tileinkað beitar ítak á svonefndri Helgastaðaey, austan megin Reykjadalsár, vestan við vörzlugarð þann, er gengur til austurs frá Reykjadalsá, spölkorn norðan við Halldórsstaðabæ)~~ [Innskot á spássíu] Fellur niður sbr. Stjórnarráðsúrskurð 31/3 ´06 sbr. biskupsbrjef 6/4 1906 þingl. 1906 – L.B. № 608.

Halldórsstöðum 12. júní. 1884.

Jón Sigurðsson

(settur)

Vegna jarðarinnar Halldórsstaða í Laxardal er eg samþykk

Guðrun Jónsdóttir. –

Vegna Múlastaðar og Fagraness er eg samþykkur

B. Kristjánsson.

Að því er snertir Helgastaðaey, er eg samþykkur fyrir Helgastaði

Matthias Eggertsson.

Þinglesin að Helgastöðum 30 maí 1891.

Borgun: Þingl. og bokun 1. kr – ein króna –

Júlíus Sigurðsson

(settur)

[27r-28r]

139/.

Landamerkjaskrá

jarðarinnar Reykjahliðar í Skútustaðahreppi.

Að sunnan móti Vogum ræður fyrst Somavogur og Kálfstjörn þá Smáralág er Reykjahlíð á hálfa. Þaðan bein lína austur í Námakollu hina syðri; þaðan beint í Þrengsli við Skessuhala, þrýtur þar Vogaland að austan. Fyrir sunnan Vogaland ráða fjallgarðar þeir til suðurs, er næstir liggja Mývatnssveit og frá þeim bein stefna suður í Bræðraklyf vestur af Herðibreið. Frá Bræðraklyfi ræður bein stefna austur í Jökulsá, sunnan við Herðibreiðartungu.

Að austan ræður Jökulsá alla leið norður að Dettifossi.

Að norðan móti Svínadals= og Áslandi í Kelduhverfi, ræður bein stefna frá Dettifossi í Eilífshnjhúk; þaðan bein stefna yfir Hrútafjöll og Gjástykki móti Þeystarreykjalandi, vestur í mó, þar til Bondhóll er genginn í hásuður og Eilífshnúkur ber rjett norður undan Gæsafjöllum. Frá merki þessu ræður bein stefna í Bóndhól, sem er beint vestur af Gæsadalsfjöllum og þaðan móti Grímsstaðalandi bein lína í Þverdalsbyrgi, þaðan yfir há Skjólbrekku í merkivörðu austast á Flatskalla, þaðan beina stefnu í Kvæk, sem er grashvammur við vatnið, er gengur inní hraunið vestarlega, milli Grímsstaða og Reykjahlíðar. Þá ræður Mývatn suður að Svínavog. Fyrir vestan vatn á Reykjahlíð Hrauneyrarland innan þessara ummerkja: Að norðan og vestan móti Grímsstöðum og Ytri Neslöndum, ræður fyrst Fretvogur, frá botni hans bein stefna yfir Merkitjörn í Miðkil er hálfur fylgir Reykjahlíð, þaðan í Toukíl og eptir honum miðjum suður að Tóukílsgarði, ræður garður sá merkjum móti Syðri-Neslöndum, austur í Mývatn. Ennfremur fylgja Reykjahlíð eyjar, hólmar og sker í Mývatni sem hjer segir: Geitey, Kiðey, og sker þrjú er henni fylgja; Súrueyjar báðar og hólmar þrír vestan við Háey, Kálfshólmi, Klettur og Vöttur. Ennfremur Ölvershólmi austan við Slútnes; hálfur Grashólmi móti Vogum, sex tappir kringum Prestsmýri, hálfur Tóuhólmi móti Syðri Neslondum. ~~(Reykjahlíð á ítök í annara manna lönd þau er hjer segir: Fjórðung í Langareka fyrir Mánarlandi á Tjörnesi og geldfjár og lambarekstur í Einarsstaðakirkjuland á framfjöllum. Ennfremur á Reykjahlíð alla ómerkinga er koma fyrir í afrjettarlandi jarðarinnar.~~ [Innskot á spássíu] Ekki lýst samkvæmt áskorun 20.5.´53. Ítökin eru því niður fallin. J Skaptason

Reykjahlíð 8. apríl. 1891.

eigandi og ábúandi Sigurgeir Pjetursson.

Fyrir Áss og Svínadalsland: Erlendur Gottskalksson.

Umráðamaður Þeystareykjalands: B Kristjansson.

Eigandi Ytri- og Syðri-Neslanda: Jón Jónsson.

Eigandi Grímsstaða: Sigurjón Kristofersson.

Fyrir jörðina Voga: Guðni Ásmundsson.

Þinglesin að Skútustöðum 29. maí. 1891.

Þingl. og bókun 1 – ein – Króna.

B. Sveinsson.

[28r-28v]

140/

Landamerkjalýsing

Ljótsstaða í Hálshreppi.

Að austan ræður Fnjóská. Að sunnan Merkjalynd sem rennur ofan sunnan undir gömlum garðstúf til Fjóskár og svo beint úr nefndri lynd í stein, sem er í mýrarbolla neðan við efri Reiðgötur þaðan beina stefnu upp utan við Engjalág í vörðu á Ásabrún, þaðan beina stefnu yfir hana og upp heiðina í vörðu á neðri heiðarbrún; síðan beint í vörðu á miðbrún, og þaðan beint ~~aptur~~ vestur til miðheiðar í vörðulínu, sem liggur út og suður eptir Vaðlaheiði og sem ræður landamerkjum að vestan. Að utanverðu Ljótsstaðalækur upp á Ásabrún og þaðan bein lína í vörðu á neðstu brún, og þaðan þvert vestur til miðheiðar í vörðulínu. Við undirritaðir erum þessu samþykkir.

Sigurður Davíðsson (eigandi Ness) Jóhann Fr. Jóakimsson (umráðam. Ljótsstaða)
Gísli Jónsson (ábúandi Hrísgerðis) Sigurgeir Hallgrímsson (ábúandi Ljótsstaða)
Jón Sigfússon (umráðamaður Hrísgerðis)

Þinglesið að Hálsi 27. mai 1891
Þingl. bókun 1 – ein – Króna
B. Sveinsson.

[28v-29r]

141.

Landamerkjaskrá

Arnarvatns í Skútustaðahreppi.

Að vestan ræður Helluvaðsá frá Laxá og suður að Arnarvatni, síðan Arnarvatn suður að Fagradalshól. Þaðan ræður bein stefna í Tíðaskarðsþúfu sunnan vert við Tíðaskarð, þaðan norðarlega á Hjálmuholt í klett, sem er í Nautey og vörðu við Kráká, og er það bein stefna frá þúfunni í Skútustaðakirkjuturn. Að austan ræður Kraká en að norðan Laxá vestur að Helluvaðsá. Undir jörðina liggja eyjan þær og hólmar, er hjer skal nefna: Krakárhólmar allir; Geldingaey öll og hólmar allir og sker, sem liggja milli hennar og heimalandsins, Garnarhólmi, Bleikkollusker hálft, Álptadráttarsker hálft, 1/2 Þorlákshólmi 1/2 Sundavaðshólmi, 1/2 Slæðuhólmi, Nafarskerin bæði, Brunnhelluhólmi, 1/2 Skipthólmi, Þúfuhólmi og tvö sker þar hjá, Bjarghólmi, Flathólmi, Flasarhólmar og Kötlusker.

Arnarvatni 13. júní 1891.

Sig. Magnússon (eigandi hálflendunnar) Sigurbjörg Jónsdóttir (Eigandi)

Sigurjón Jónsson Geirastöðum (handsalað) Helgi Jónsson Haganesi Methúsalem Magnússon (eigandi h.s)

Sem umráðamenn og eigendur Sveinsstrandar erum við samþykkir. Pétur Jónsson Jón Jónsson Fyrir Alptagerði Methusalem Guðmundsson.

Fyrir hönd Helluvaðs samþykkir Jón Hinriksson.

Þinglesin að Skútustöðum 29. maí 1891.

Borgun: Þingl. og bókun. 1 – ein – Króna

B. Sveinsson.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

[29r-29v]

142.

Landamerkjaskrá

Sandhaugna í Ljósavatnshreppi

Að sunnan eru landamerkin: bein lína frá svonefndum Yztaklett við Fljótskvíslina og austur yfir Vallnaey, en til vesturs lína frá Yztakletti vestur yfir fjallið í Biskupsvörðu, þaðan í sömu stefnu vestur yfir Eyadal og á hágrjótin. Að vestan: Hágrjótin að fjallinu norður til Eyadalsárland. Að norðan: Bein lína úr hágrjótunum á fjallinu, yfir þveran Eydal, þaðan austur yfir fjallið í Helmingshöfða beint í Skálfandafljót – Að austan Skjálfandafljót.

Hálsi í Fnjóskadal 2. júní. 1890. Pétur Jónsson prestur á Hálsi.

Samþykkur fyrir Hlíðarenda
Jón Ingjaldsson (eigandi Eyadalsár)

samþykkir fyrir Stóruvelli
Karl Friðriksson
Páll H. Jónsson

Þingl. að Hálsi 27. maí. 1891. Bókun og þingl. 1 – ein – Kr.

B. Sveinsson.

[29v]

143

Landamerkjaskrá

eyðijarðarinnar Hvammsstaða [Hvannstaða] í Skinnastaðahreppi.

Að sunnan ræður bein stefna úr Klettagili í Mynnisöxl, og þaðan í Mýrdalsgil; að vestan ræður Hvannnstaðafjallgaður út að Hafrafellstúngu merkja línu, þaðan í upptök Svartárskvíslar, og ræður landamerkjum þar til hún fellur í Sandá; þaðan bein stefna í Þorsteinsnef og þaðan í Sandhaug á Alptadyngjufjallgarði; að austan ræður Fjallgarðurinn frá Sandhaug að Klettagili

Víðirhóli 24. maí. 1890.

Eigendur að ofangreindu landi: Kr. Kristjánsson Helga Jónsdóttir Kristín Eiríksdóttir.

Samþykkir: S. S. Eiríksson, Jón Björnsson G. Eiríksdóttir, Jón Bjarnason, Helgi Guðlaugsson, Bjarni Jónsson.

Þinglesin að Skinnastað 12. júni 1891.

Borgun: Þinglestur 0.75
Bókun 0.25 = 1 Króna

- ein Króna -

B Sveinsson.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS



144

Landamerkjaskrá

jarðarinnar Bjarga í Ljósavatnshreppi.

Að sunnan ræður Kallsárgil á gljúfrum; úr gljúfrum bein stefna eptir vörðum að Nípá; þá ræður Nípá til Fljóts; að austan ræður mitt Skálfandafljót; á sjóarsandi er rekamerki þar sem fyrst sjer Sellandafjall undan Garðsnúp. Að norðan ræður sjór frá rekamerki að Litlufjörubjargi þá beint í vestur norðan að Litlufjörutorfu til háeggjar; þaðan bein stefna úr fjallsegginni á Svína við ytri endann á Sjómannaklauf; að vestan ræður Svína frá Sjómannaklauf til Jökuls; tilheyrir Björgum allt land innann þessara merkja.

Einarsstöðum 2. sept. 1891.

B. Kristjánsson Haraldur Sigurjónsson. (eigandi og umráðamaður)

(umráðamaður Sands) Friðjón Jónsson (samkv. fullmagt fyrir Kolamýrar)

Kristján Jónsson (eigandi Nýpar).

Þinglesið að Ljósavatni 28. maí 1891. Borgun 1 – ein – Króna

B Sveinsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS



145

Landamerkjaskrá
fyrir afrjettarlandi jarðanna: Viðihóls, Hólssels, Fagradals og Nýhóls í Skinnastaðahreppi:

Úr Falkakletti í há Reiði, þaðan beint austur á fjallgarð á móts við Hafrafellstunguland og ræður þaðan Hvammstaðafjallgarður suður í Mýrgil, þaðan í ytri Minnisöxl, og þaðan í Klettagil. Þaðan suður austan við Bungu og suður á Austaribrekku við Dauðagil, þaðan eftir Dauðagili í Krummaskarð þaðan í Hrafnaklett. ~~(Þess ber að geta að Grundarhólseigandi á frían upprekstur fyrir geldfje sitt og eina trippisgöngu í Nýhóls og Fagradals, ofanrituðu afrjettarlandi og 2/5tu úr svo nefndum Flöt ofan við Hrafnaklett. Samkvæmt landamerkjabrefi fyrir Víðihóli dato 29. Júli 1848 eiga Viðihóls eigendur tveggja hesta vetrargöngu óátalda í Hólsselsmelum.)~~ [Innskot á spássíu] Ítökum ekki lýst samkv. áskorun 20. maí 1953. Eru þau því niður fallin. J Skaptason

Víðihóli 3. Júní. 1890.

Helgi Guðlaugsson. Kr. Kristjánsson, Kristín Eiríksdóttir, Helga Jósdóttir
S. Magnússon, Bjarni Jónsson, Jón Bjarnason, Sigtry. Benediktsson. SS. Eyríksson, G. Eiríksdóttir. Samþykkur: Þorleifr Jónsson.

Þinglesin að Skinnastað 12. juní 1891. Borgun 1 – ein – króna

B Sveinsson.

[30v-31v]

146

Landamerkjaskrá

jarðarinnar Ytri-Tungu á Tjörnesi.

A: Að sunnan skilur Ytri-Tunguland, frá Hringvers og Syðri-Tungulandi:

1. Skeifuá frá sjó, upp þangað til fellur í hana,
2. Hafursteinslækur, sem rennur frá Hafurssteini.
3. Hafursteinn; hann er stór og auðkennilegur, stendur hann í mýri vestan undir svonefndum Grenishól, utan í Tungunúp.
4. Bein lína suður í hæðstu Núpsbrún
5. Núpsbrúnin austur á móts við Skarðsbrekku
6. Bein lína þaðan, stefnu í Tunguheiðarveg á Vatnafjallgarði, og síðan um Lambatorfur í vestustu vörðu á Biskupsás.

B. Að austan skilur Ytri-Tunguland frá Fjallalandi og Mánarlandi: Biskupsás á Tunguheiði eða grjóthæðir þær norður fjallgarðinn, sem vötnum hallar norður og austur af.

D. Að norðan skilur Ytri-Tunguland frá Hallbjarnarstaða- og Ísólfsstaðalandi:

1. Hallbjarnarstaðaá frá sjó, upp þangað til við tekur
2. Föxugróf er ræður merkjum þangað til hún endar vestan undir brekkum við Föxugrófarsel þá
3. Sólheimalækur meðan hann liggur frá norðaustri.
4. Varða á norður gilbarmi lækjarins og þvínæst
5. Varða í líkri stefnu á syðri barmi Fossgilsgrófar.
6. Bein lína þaðan sunnan við svonefnda Ytri-Sólheima austur að hinni nefndu merkjalínu milli Ytri-Tungulands og Mánár að austan.

Jörðin Ytri-Tunga á ennfremur allan reka fyrir landi sínu, samkvæmt landslögum og alla veiði í netlögum 60 faðma frá landi um stórstraumsfjöru, og það sem dautt er innan fiskhelgi. Itök á jörðin engin í annara manna lönd eða reka og heldur ekki aðrar jarðir eða kirkjur ítök í hennar land.

Ytri-Tungu og Hringveri 10 apríl. 1891.

Jóhannes Jóhannesson
eigandi og ábúandi 3/4 í Ytri-Tungu.
Jón B. Jónsson (eigandi 1/4 úr Ytri-Tungu)
Vegna Hringvers: Jón B. Jónsson. J. Hálfdánarson
Jón Jonsson ábuandi á Fjöllum. B Gunnlaugsson Páll Þorbergsson.
S. Sigríðardóttir. S. Gunnlaugsson. Björn Stefánsson.
B Sveinsson (eigandi 3/4 úr Isólfsstöðum)

Þinglesin að Húsavík 1. juní 1891. Borgun = 1 – ein Króna

B Sveinsson

[31v-32r]

147

Landamerki

Skóga í Húsavíkurhreppi.

Að vestan ræður Mýrarkvísl út að Skóga á. Að norðan ræður merkjum Skóga á til austurs allt að Moldaskurði, sem miðja vega milli Litlumýri og Skóga árbotna. Úr Moldarskurði ræður bein stefna í vörðu sem er byggð á sandhæð, rett ofan við það sem moldarskurður endar. Frá vörðunni ræður bein stefna sunnan á Grýluhól. Siðan ræður bein stefna eftir tveim vörðum, er hin eystri norðvestan við Bjarnaröxl, siðan sama stefna utan í Bjarnaröxl til austurs norðan vert við Höfuðreiðarmúla. Að austan ræður merkjum bein stefna frá Höfuðreiðarmúla, suður Lambafjöll í Tröllagil er ræður merkjum að sunnan vestur á móts við Táarmel. Frá Táarmel ræður merkjum garður, sem beygist til norðvesturs stórhól í Viðirker siðan ræður sami garður merkjum beint vestur yfir stöpla og ofan eftir saman við Dýakot vestur í Mýrarkvísl. –

Skógum 28 maí 1892

Guðný Ólafsdóttir

Samþykk sem eigandi og ábúandi Heiðarbótar Þuríður H. Jónsdóttir.

Samþykkur sem eigandi og ábúandi 1/2 Þverár Árni Jónsson

Samþykkir eigendur og ábúendur Skarða Jón Á Árnason Jakobina Jónsdóttir Jón Jónsson.

Þingl. að Húsavík 1. júní 1892Borgun 1 króna

B. Sveinsson.

[32r-32v]

148.

Landamerki

Skarða með Einarsstöðum Reykjahverfi.

Að vestan ræður kvísl sú, sem fellur úr Langavatni (Mýrarkvísl) niður þangað sem Skóga á til austurs allt að Moldskurði, sem er miðja vega milli Litlumýrar og Skógarbotna. Úr Moldskurði ræður bein stefna í vörðu sem er byggð uppi á Sandhæð, rétt ofan við það, sem Moldskurður endar. Frá vörðunni ræður bein stefna sunnan á Grýluhól. Síðan ræður bein stefna eftir tveim vörðum, er hin eystri norðvestur við Bjarnaröxl og til austurs norðanvert á Höfuðreiðarmúla, og þaðan beint á sæluhús.

Að norðan ræður forn garður, sem liggur frá Mýrarkvísl utan við Hrísakot uppí halsinn á krók þann, sem á garðinum er, og siðan bein stefna í há Hamarbrekkuhól og þaðan í Tvívörður á Eystri-hamarbrekku. Þaðan ræður bein stefna um norðan vert Höskuldsvatn í drag það sem gengur upp af vatninu; ræður svo drag það í Nykurtjörn, og síðan sama stefna til háhryggja Grísatungufjalla og ráða síðan fjöllin beina stefnu yfir Olnboga á Johannsgil að sæluhúsi. ~~(Skörð eiga tveggja mánaða beit á Hvammsheiði annan á sumri og annan á vetri og tveggja manna göngu á Botnsvatn fyrir ofan Húsavík.)~~

[Innskot á spássíu] Ítökum ekki lyst samkvæmt áskorun 20. maí 1953. Eru þau því niður fallin. Jóhann Skaptason

Skörðum 8. febr. 1892.

Jon Á Árnason, Jakobína Jónsdóttir Jón Jónsson eigendur Skarða

Samþykkur eigandi Laxamýrar Sigurjón Jóhannesson.

Samþykkur ábúandi Fjalla Jón Jónsson

Samþykk hvað Skóga snertir Guðný Ólafsdóttir

B. Kristjánsson umraðamaður Þeistareykja lands

Jón Arason umráðamaður Húsavíkurlands.

Þingl. að Húsavík 1. júní 1892. Borgun 1 – ein – króna

B. Sveinsson

[32v-33r]

149

Landamerki

Þverár í Laxárdal með Auðnum.

[Innskot á spássíu] NB Prestmatan seld ábúanda, sjá Veðmálabók C. 1702, bls. 446. afsal dagsett 20. ágúst 1926 = Þverá.

Að norðan móti Halldórsstaðalandi ræður hraunnef það sem gengur að Laxá sunnan við Kringlu og kallað er nöf þaðan upp í Víðirgróf, og eftir henni í Prestsvörðu, sem er norðan við svo kallaða Prestsmýri þaðan bein stefna í vörðu þá sem stendur á Austurbrún Hvítafells þaðan upp á há Hvítafell þangað sem vötn deila. Að vestan gegnt Stórulauga, Litlulauga, Hjalla og Hallbjarnarstaða löndum, ræður bein stefna af há Hvítafelli um vestari Skollhól í Bryggjuvörðu í Bryggjumó vestan við Skollamýrabotn. –

Að sunnan gegnt Ljótsstaðalandi ræður bein stefna úr Bryggjuvörðu um merkjavörðu norðanvert á Halli, svo um sauðhól við Ljótsstaðamýrarbotn í Skjólvörðu og þaðan ofan í Laxá um kofabrot, sem er á hrauninu við ána. –

Að austan gegnt Hóla og Kasthvammslöndum ræður Laxá, og fylgja Þverá þessir holmar í ánni: 1. Auðnaholmi gegnt Hólum. 2. Víðir, 3 Götuhólmi og 4 Yztihólmi. –

Þverá 23. maí. 1890.

Jón Jóakimsson eigandi Þverár.

B. Kristjánsson (umraðam. Ljotstaða og Kasthvamms.)

Magnús Þórarinsson vegna Halldórsstaða í Laxardal. (eigandi)

Pétur Pétursson vegna Stórulauga (eigandi)

Vegna landssjoðsjarðanna Hallbjarnarstaða og Litlulauga, er eg samþykkur þessari merkjalysingu.

Pétur Jónsson (umboðsm.)

Þingl. að Helgastöðum 11 júlí 1892 Borgun 1 – ein króna –

B. Sveinsson

[33r-34r]

150./

Landamerki

Grímsstaða við Mývatn.

Sunnanundir svonefndum Haga í suður frá Grímsstöðum gengur vogur einn mjór vestur úr Norðurflóa Mývatns vestur í Neslandamýri, er Fretvogur nefnist. Beint suður frá botni hans er tjörn ein er Merkitjörn heitir. Bein lína þar á milli er merki milli Reykjahlíðar að austan en Grímsstaða að vestan. Þverbeint úr þeirri línu niðrí og í einkennilega þúfu á bakka Eggjatjarnar hinnar syðri, er merkilína milli Ytri-Nesslanda og Grímsstaða. Frá þeirri tjörn vestureftir ræður miðja tjarnar þeirrar er Skammagarðsfen heitir og allt að vesturbotni þess. Þaðan bein stefna í svonefndan Helguhól. Á þeirri leið verður Hrauneyartjörn hin eystri fyrir og ræður hún merkjum allt í vík þá, er syðst gengur vestur úr henni, þaðan í vík þá er gagnvart liggur í hinni vestari Hrauneyartjörn og ræður sú tjörn þaðan merkjum á vesturbakka sunnan við Keldu þá, sem liggur norðvestur úr henni. Þaðan ræður svo að nýju stefnan í áður nefndan Helguhól, er sá hóll á sunnanverðum eldgigaborgum þeim er liggja suður frá Sandvatni austast og nefnast Litluborgir.

Frá Helguhól helzt og enn sama stefna vestur í Brennukílsás sem er merki að vestan móti Geirastaðalandi norður í Sandvatn. Frá Sandvatni að norðan ræður Hamarskíll merkjum það er hann nær og svo frá botni hans beint norður Mývatnssand stefnu í svonefnda Skeið austan í Lambatindafjöllum og að því takmarki norður, er Eilífsjall á Grjóthálsi sézt norðurundan Gæsafjöllum. Þá er bein stefna til austurs í nefnt fjallmerki milli Grímsstaða og Þeistareykjalands þar til Bóndhóll er stendur vestur af Gæsafjöllum sunnan verðum er beina stefnu þaðan í Hrafnabjörg. Sú lína er merkilína milli Grimsstaða og Reykjahlíðar-lands. Síðan beint af Bóndhól í Þverdalsbryggju, þaðan yfir há Skjólbrekku, síðan Flatskalla austast og yfir hið nýa hraun að Kvæk, sem er grashvammur er geɨngur norður frá Myvatni inn í hraunið vestarlga milli bæjanna Grímsstaða og Reykjahlíðar.

Í vatninu liggur undir jörðina: eyan Slútnes og hólmar þessir: Kirkjugrunn, Langagrunn, Hagagrunn, Víðir og Nesgrunn.

Grímsstöðum, 8 maí 1891.

Sigurjón Kristofersson (eigandi)

Eigandi og abuandi Hólajarðar Sigurður Eyólfsson

Umráðamaður Kasthvamms og Þeistareykja-landa: B. Kristjánsson

Fyrir hönd hreppsnefndar Helgastaðahrepps: Snorri Oddsson

Eigandi og ábúandi Hamars Kristján Sigurðsson.

Eigendur að Geirastöðum: M. Magnússon S. Kristófersson og
Sigurjón Jónsson (eftir fullmakt)

Sigtryggur Kristjánsson ábúandi á Kasthvammi.

Eigandi Reykjahliðar Sigurgeir Pétursson

Umráðamaður kirkjujarðarinnar Vindbelgjar Árni Jónsson

Eigandi Ytri-Nesslanda Jón Jónsson (handsalað)

Þingl. að Skutustöðum, 12. júli 1892.

B. Sveinsson.

[34r-35r]

151.

Rekaítök

Höfðakirkju samkvæmt 3 máldögum að mestu samhljóða: 1º Auðunnar biskups, 2º Peturs biskups dags. 1399, og 3º Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461.

Allur hálfur reki hvals og viðar og flutninga í Eyrarlandi í Hvalvatnsfirði frá Hvalvatnsósi og vestur til móts við Þönglabakka menn, sem og öll hálf sjáfargögn frá Hvalvatnsósi og út til Kerlingar. En frá Torfdalalæk fyrir Botnslandi í Þorgeirsfirði og vestur til Súlna, halfan viðarreka, en vestur frá Súlum og til Galta á kirkjan í Höfða allan reka hvals og viðar, og svo flutningar en frá Galta og til Hrapaðargjár, - sem nokkrir núlifandi menn votta, að sé gjáin ofan úr hinum svonefndu Kötlum, - eiga Höfðamenn allan halfan reka hvals og viðar og svo flutninga.

~~(En í öllum Látrarekum, eiga Höfðamenn, samkvæmt ofangreindum máldögum og samhljóða dómi dæmdum að Hvallátrum á Látraströnd 1. júní 1757 – fjórðung hvalreka en sjöttung i þeim fjórðungi er Laufáskirkja á, svo þó að fluttur sé.)~~ [Innskot á spássíu] 4. maí 1954 lýsir biskup ítökum þessum, samkv. áskorun 20. mai 1953, sem eign Laufaskirkju nema fjórðung hvalreka í Látrareka. Í gildi JS.

Enn frá Fossdal og inn til Skarða- eða Skriðu- lækjar, allan halfan viðreka. ~~(Á Þernuskeri á Höfðakirkja þriðjung í hvalreka og svo þó fluttur sé)~~ [Innskot á spássíu] Ekki lýst itaki í Skers reka, en lýst í Svæðisreka. JS.

Höfða, 1sta júní 1886.

G. Ólafsson.

Rekamörkum þessum er eg samþykkur Stephan Stephensen. B. Bjarnason

Fyrir eignarjörð mina 1/2 Þernusker samþykkur Oddur Ólafsson

Sem Laufassprestur og sem oddviti Grýtubakkahr. hvað 1/2 Sker áhrærir, er eg samþykkur. Magnús Jónsson.

Sem eigandi Látra er eg samþykkur Jónas Jónsson. (handsal.)

Þingl. að Grytubakka, 6. júlí 1892 B. Sveinsson. Borg. 1,00 Kr.

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



152/.

Landamerki Jökulsár á Flateyardal.

Sunnanvert að neðan eður austan takmarkar Víkurvatn land jarðarinnar. Að sunnan ræður móti Brettingsstöðum bein lína neðan frá frá vatninu eftir Merkjahrygg upp á Sjónarhól og þaðan upp á Stórhól, en svo liggja merkin eftir Þröskuldi á fjall upp. Að utan móti Vík liggja merkin ofan af fjalli eftir Botnahrygg niður á Stórahól eða Stóruhæð utan við Jökulsárbotna; Þaðan beint niður í Merkjalág og svo niður í Merkjakeldu, er ræður eftir það, fyrst niðureftir og svo suður í Víkurvatn.

Nesi, 31 dag marzmanaðar 1890.

Einar Ásmundsson.

Samþykkur eigandi jarðarinnar Víkur J. Jónsson.

Samþykkur umráðamaður Brettingsstaða. Gísli Ásmundsson

Stephan Stephensen

Þingl. að Hálsi, 8. júlí. 1892. borg 1,00 Kr B. Sveinsson

[35r-35v]

153./

Landamerki

Heiðar á Langanesi

Að norðaustan skilur land og reka millum Heiðar og Brymness Þúfusteinn eða Þúfusteinslækur og beinleiðis þaðan í sjó, svo frá Þúfusteini til heiðarinnar beint í Halldórusel, þaðan framan við Naddamúla í Hvappinn millum Guðrúnarborgar og Naddamúla. Þaðan skilur Heiðar og Hroll-laugsstaðaland, bein stefna í Guðrunarborg, þaðan bein stefna í vörðu á miðjum Hömrum og aftur sömu stefnu í vörður á Hamrafjalli. Þaðan skilur Heiðar og Eyðisland bein stefna yfir Heiðarfjall í vörðu á Djúpadalsmel, þaðan í vörðu á melholti austanvert við Herdisarflóa og þaðan í vörðu á Gunnvararvatnsbakka og beina stefnu yfir Gunnvararvatn og í svonefndan Brúkmyrarlæk sem úr því rennur. Þá skilur Heiðar og Hlíðarland nefndur Brúkmýrarlækur, sem fellur í Hólmavatn. Yfir vatnið liggur sama stefna og lækurinn hefir og eftir vörðum á Hlíðarholtum beina stefnu í austanvert Deildarskér. –

Heiði 1 maí 1889.

Sæmundur Sæmundsson  D. Jónsson (eigendur)

Framan skrifaðri landamerkjaskrá erum við samþykkir.

| | |
|---|---|
| V. Guðmundsson | D. Jonsson |
| (eigandi Hroll-laugsstaða) | (eigandi að Eyði) |
| Jón Sigurðsson | Arnljótur Ólafsson |
| (eigandi að 1/6 Hliðar) | (umraðam. Brymness.) |

Þinglesin að Sauðanesi, 23. júní 1892  Borgun 1. króna

B. Sveinsson.

[35v-36r]

154./

Landamerki

Smjörhóls í Axarfirði:

Að vestan: Úr vörðu (merkivörðu milli Skinnastaða og Ferjubakka) á Miðás bein stefna í Tungunónvorðu á Slettufelli, þaðan sama stefna í Þangbrandslæk. Að norðan og Austan: Þangbrandslækur upp að gömlum landamerkjagarði, er liggur yfir þvera tunguna austur að Kerhólsá, þaðan ræður Kerhólsá fram á Urðarsel. Að sunnan: bein stefna af Urðarseli við tjörn utan við Urðarás vestur yfir þvera Kringlu í vörðu vestan við hana á mel á Slettuborðum; þaðan bein stefna í vörðu þá á Miðás er upphaflega var nefnd.

Skógum, 10 maí 1890

Fyrir hönd Skinnastaðahr. B. Gunnlögsson.

J. Davíðsdóttir, eigandi að 1/4 Smjörhóls

Vegna Skinnastaðakirkju samþykkur Þorleifr Jónsson.

Vegna Bjarnastaða samþykkur Páll Johannesson

Vegna Hafrafellstungu samþykkur S.S. Eiríksson

Þingl. að Skinnastöðum, 28. júní 1892. Borgun. 1. króna

B. Sveinsson

[36r-36v]

155./

Landamerki

Ferjubakka í Skinnastaðahreppi.

Að sunnan úr Jökulsá í vörðu er stendur sunnanvert við Hraundal. Þaðan somu stefnu í garð er liggur um Stórarjóður og Brúnkollurjóður og í Vaðkotsá. Úr nefndum garði réttsýnis í vörðu er stendur á melnum (Sléttuböndum) vestan við Krínglu (Stóru Kríniglu) Að austan úr ofannefndri vörðu réttsýnis til norðvesturs í merkistein norðan við Miðaskarð, úr Merkisteini bein stefna í vestur í vaðkotsa hja hólma neðan Vaðkots og er þar landamerkjasteinn á þúfu hjá ánni. Síðan ræður Vaðkotsá ofan að garði á Rana þaðan úr vestari enda garðsins bein stefna yfir Vaðkotsá vestur í Sandá. Að vestan ræður Sandá og Jökulsá. –

Fyrir hönd Skinnastaðahrepps 1891

B. Gunnlögsson

Samþykkur Skinnastaða kirkju vegna Þorleifr Jónsson.

Samþykkur fyrir Austaraland og Bjarnastaði Páll Jóhannesarson.

Þingl. að Skinnastöðum 28 júní 1892. Borgun: 1. króna B. Sveinsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

[36v-38r]

156./

Landamerki Laufásstaðar í Þingeyarsýslu ásamt ítökum hans.

1. að vestanverðu ræður sjórinn. 2. Að sunnan verðu móts við Þorsteinsstaði ráða stefnunni 2 jarðföst björg fyrir ofan Reiðholt, hvort uppundan öðru fyrir sunnan Vörðuhól. Úr þessum björgum er stefnan bein fyrir ofan Reiðholtið og vestur að sjó um hina svonefndu Þorsteinsstaðaeyri. ~~(En viðvíkjandi nefndri Þorsteinsstaðaeyri er það að athuga að allar slægjur á henni tilheyra Laufasi, eins fyrir sunnan sem norðan nefnda stefnu)~~ [Innskot á spássíu] Ítakinu ekki lýst samkv. áskorun 20.5:53 því niður fallið. J Skaptason

Úr hinum greindu jarðföstu björgum er stefnan líka bein og hin sama uppeptir sem niðureptir allt upp að Merkjavörðu fyrir ofan brekkuna eða upp á fjallshlíðinni. –

Úr þeirri vorðu er stefna suður og upp í Laufáshnjúk. Svo er stefnan suður eptir fjallinu þar sem það er hæst fyrir ofan Þorsteinsstaði og Noll, þangað til sú stefna rekur sig á landamerkin við Fagrabæjaland að sunnan, þá er merkin fara að liggja aptur í austur; því að sunnan móts við Fagrabæ eru landamerkin eptir stefnunni, sem liggur úr miðju Fagrabæjargili upp á fjallið, og austur um nefndan Fagradal miðjan og í Fagrabæjarþvergil ofan í Gæsadal (eða Gæsagilslæk, sem er það sama)

3: Að austan eða suðaustan móts við Skuggabjörg er Gæsalækur.

4. Að norðaustan og norðan. Frá Gæsalækjarós móts við Skarð og Gerðin ræður Fnjóská svo og móts við Grund og loksins móts við Nes. Móts við Nesland ræður Fnjóská fyrst í örstuttum vegi í sinum farvegi, og þá ræður sú kvísl árinnar, sem rennur utan við Langhólma og lítil kvísl er rennur utan til við Bótólfsey ofan í sjó.

~~(I landi Laufáskirkjujarðarinnar Miðgerðis á Laufásstaðir: 1. Þrjá útmælda engjategi, 2. hina svonefndu Tungu)~~. [Innskot á spássíu] Ekki lýst. Laufásstaðir á allan reka austan við Hvalvatnsfjarðarós í svonefndan „Eyrarstúf“ frá nefndum ós austur á móts við Hvalvatnsþúfu. ~~(Laufásstaðir á ennfremur 5/24 parta úr öllum hval, sem rekur að Látralandi á Látraströnd)~~. [Innskot á spássíu] Ekki lýst í Látrareka

Fyrir utan Fnjóská á Laufásstaður engja=ítak í Grundarlandi og eru takmörkin þessi: Kollalækur fyrir utan Borgargerði, þjóðvegsbrautin að ofan út að Merkjavörðu, við þjóðveginn sunnan til við Hildarlágar, svo liggja merkin örstuttan spol eptir skurðinum fast við brautina út á móts við Gegnisupptök, þá ræður Gegnir og seinast Fnjóská að sunnan. [Innskot á spássíu: Grundarparti lýst.] ~~Fyrir Keflavíkurlandi í Grýtubakkahrepp á Laufásstaðir: Tíu vætta afreiðslu af tvítugum hval eða meiru ef á er hundrað vættir eða meira)~~ [Innskot á spássíu] Ekki lýst ítaki í Keflavíkurland.

Fyrir Þonglabakkalandi á Laufásstaður eins: tíu vætta afreiðslu eða meir af tvítugum hval eða ef á er hundrað vættir eða meira. ~~(Þorsteinsstaðir eiga frjálsa hagagöngu fyrir stórgripi í Laufáslandi, líka hagagöngu fyrir sauðfje á allri Þorsteinsstaðaeyri, án þess engjar sje beittar.)~~ [Innskot á spássíu] Ítaki Þorsteinsstaða var ekki lýst samkv. áskorun 20.5.´53. niður fallið. J. Skaptason.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Laufási hinn 23. janúarm. 1892.
Magnús Jónsson.

Að því er merkjaskrá þessi nær til Nesslandeignar er jeg henni samþykkur
Einar Ásmundsson.

Að því er merkjaskrá þessi nær til Fagrabæjarlandareignar er jeg henni samþykkur
Vilhjálmur Bjarnarson.

Að því er snertir ítakið „Eyrarstúf“ er jeg þessari landamerkjaskrá samþykkur
Matth. Jockumsson.

~~(Rekaítök Munkaþverárklausturs í Grýtubakkaþinghá eru: Helmíngur úr Eyrarreka í Hvalvatnsfirði, 1/4 úr Þönglabakkareka, 1/3 úr Þorgeirsfirði og 1/4 úr Blægjuvíkurreka í Hraundölum fyrir vestan Þorgeirsfjörð.)~~ [Innskot á spássíu] Ítökum Munkaþverárklausturs var ekki lýst samkv. áskorun frá 20.5.´53. Þau eru því niður fallin J. Skaptason

Akureyri 11. febr. 1892
Stefán Stephensen

Samþykkur sem umboðsmaður Skuggabjarga
Akureyri 11/2 – 92.
Stephán Stephensen.

Sem umráðamaður Grundar og Þönglabakka er jeg þessari landamerkjaskrá samþykkur.
Árni Jóhannesson.

Að því er merkjaskrá þessi gjörir kröfu til rekaítaks í Látralandi er jeg henni samþykkur.
Jónas Jónsson.

Hvað mig snertir sem ábúanda Arnareyrar og rekaítaks Laufásstaðar á Eyrarstúf er jeg þessari landamerkjaskrá samþykkur.
Vilmundur Gunnarsson

Þinglesið að Grýtubakka 17. júní. 1893. Borgun: 1 Króna. B. Sveinsson.

[38r-38v]

157/.

Landamerkjaskrá
jarðarinnar Hofsstaða í Skútustaðahreppi

Að austanverðu móts við Geirastaði ræður Sortulækur frá því hann fellur úr Sandvatni og suður í Krók þann sem er á læknum suðvestur frá Geirastaðabæ og úr krók þeim ræður bein sjónhending í Stóru Kleyf við Laxá. Að sunnan og vestan ræður Laxá út að Hólkotsgili. Að norðan móts við Hamar ræður syðri röðull Hólkotsgils og svo garður sá er þaðan liggur austur í Sandvatn.

Hofsstaðir eiga eyjar og hólma í Laxá, sem hjer segir: Vatnsgjárhólmar, Köldusker, Ærhelluhólmar, Landhólmar, Brothólmar, Ærey, Skötuey, Skötuneshólma, Svínshryggur, Hafursey, Gaflhólmar, Hofsstaðaey, Langhólmi, Brúarhólmi, Gálufitjarsker, Viðihólmi, Hrísluhólmi, Geldingatóptahólmi og Sporðhólmi.

Hofsstöðum 7. d. maímán. 1893.

Sigurður Ásmundsson (eigandi og ábúandi Hofsstaða).

Sem ábúandi og umráðamaður jarðarinnar Helluvaðs samþykki eg Landamerkjaskrá þessa. – Jón Hinriksson. –

Sem meigandi og ábúandi samþykki eg skrá þessa fyrir jörðina Hamar. – Kristján Sigurðsson. –

Sem eigandi hálflendunnar Helluvað er eg samþykkur þessari landamerkjaskrá. – Sigurður Magnússon. –

Sem ábúandi og umráðamaður hálfra Geirastaða. – Sig. Sigurjónsson

Sem umráðamaður hálfra Geirastaða. – Sigurjón Kristófersson. –

Þinglesið að Skútustöðum 13. júní. 1893. Borgun 1 króna. <u>Borgað.</u> B. Sveinsson

[38v-39r]

158

Landamerki

Hafralækjar í Aðaldal.

Að norðan liggur Garðsland og ræður merkjum garður til lækjar. Þaðan liggja merkji beint austur til Dalgötu hjá Vörðuhól. Að austan er Nes-land, og ræður Dalgata merkjum allt suður gengt Klafakletti og garði þeim, er liggur norðan undir Selhólum. Ræður garður sá merkjum til Hafralækjar. Síðan ræður Hafralækur allt að merkiklöpp. Þá ræður garður sá merkjum er liggur upp núpinn, rjett norðan við merkiklöpp aftur stefnu til garsins mikkla. Að vestan ræður garðurinn mikkli allt norður gengt hinum fyrnefnda garði er liggur ofan nupinn milli Garðs og Hafralækjar.

Sílalæk, 24 apríl 1893.

Jónas Guðmundsson (eigandi Hafralækjar)

Þorkell Guðmundsson (eigandi Ytrafjalls)

Baldvin Sigurðsson fyriri hönd meðerfingja minna úr Garði.

Þessari landamerkjaskrá er jeg samþykkur það sem ábýlisjörð mína áhrærir.

Þorgrímur Péturson Nesi.

Arni Magnússon (eigandi Rauðaskriðu) (handsalar).

Vegna parts úr Rauðaskriðu og jarðarinnar Skriðulands er þessu samþykkur Eldjárn Asmundsson

Vegna part úr Rauðaskriðu er þessu samþykkur

Gunnlögur Einarsson

B. Kristjánsson fyrir Hólmavað Jón Olafsson

[39v-40r]

159

Landamerkja-skrá

fyrir jörðunni Garði við Mývatn.

Að norðan móti Kálfaströnd ræður varða sú er stendur við stekkjarvog norðan við Brjánsnessgrundir, og úr henni bein stefna í M-e-r-k-i-b-o-r-g er stendur Lú-d-intárborgum suður í Háþrengslaborg.

Að sunnan móti Grænavatni ræður bein lína úr Háþrengslaborg í B-r-u-n-n-a klett er stendur norðaustan vert við Grænavatn og úr Brunnaklett beina línu í vörðu þá er stendur við Grænalækjarás hinn syðri.

Að vestan móti Skútustöðum ræður Grænilækur og úr hinum nyðri ás hans bein lína norður Myvatn rjettsýnis við Grjótavörðu

Garður á alla hólma, sker og grunn er finnast innan merkja þessara.

Garði þ. 24. maí 1894

Eigendur að Garði Arni Jónsson Jónas Jónsson

Vegna jarðanna Kalfastrandar, Voga, Grænavatns og Skútustaða, erum við ofanritaðri landamerkjaskra samþykkir, sem eigendur og umráðamenn þeirra.

Fyrir hönd Skútustaðaprestakalls – samþykkur Arni Jónsson

Vegna jarðarinnar Voga [samþykkur] Hallgrímur Pjetursson

H. Sigurðsson eigandi og ábúandi Kálfastrandar.

Umráðamaður hálflendunnar Grænavatns G. Ásmundsson

Guðbjörg Aradóttir eigandi og ábúandi 1/4 úr Skútustöðum

Eigandi hálflendunnar Grænavatns Helgi Jónsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

[40r-40v]

160

Landamerkjabrjef

jarðarinnar Bangastaða í Kelduhverfi og Þingeyarsýslu.

Að norðan gagnvart Máná: úr vörðu þeirri er stendur við sjó mitt á milli Engidalsgjár og Skarfaflasar beint í vörðu á svonefndum Jarðbakka og þaðan beint í Biskupsvörðu við almannaveg á Tunguheiði. En gagnvartt Fjallalandi: úr Biskupsvörðu beina stefnu mitt á milli Auðbjargarstaða-víðátta og Bangastaða viðátta í Gerðibrekku og ræður hún síðan landamerkjum til sjáfar þar sem heitir Gerðibrekkuhaus.

Reka eiga Bangastaðir að sunnan í Sólmundarás en að norðan í Engidalsá.

Lóni 20. júni 1893.
eftir umboði eiganda
Árni Kristjánsson

Framanrituðum landamerkjum erum við undirskrifaðir eigendur Mánár samþykkir

Skógum og Ærlækjarseli
B. Gunnlaugsson S. Gunnlaugsson

Samþykkir vegna eiganda Fjalla
Jón Jónsson (ábúandi á Fjöllum)

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS



№ 161.

Landamerkjaskrá

Valþjófsstaða og Einarsstaða.

Á milli téðra jarða og Arnastaða eru merkin við sjó. – Úr bjargi rétt við Naustá, þaðan í vörðu utan til á Kjalarás, þá í Stórhól, síðan í vörðu á hálsbrún og í Skottuþúfu.

Merki á millum ofangreindra jarða á einn veg, en Presthóla og Efrihóla á hinn eru þessi: Úr Goðhússteini og til Grásteins, í syðri- -enda Efrihólagjár og í vörðuna á norðurenda Daltunguáss, þaðan aftur bein lína í Skottuþúfu.

~~(Í Arnarstaðalandi eiga Valþjófsstaðir og Einarsstaðir hestagöngu fyrir gripi undir Kálfafjöllum, en Arnastaðir trjáviðar- og hvalreka ásamt fjörubeit fyrir Valþjófsstaðalandi frá Naustárósi til næstu bjargsnafar (Stakkanafar) í svonefndum Arnastaðabás.)~~ [Innskot á spássíu] Engu af þessum ítökum var lýst samkvæmt áskorun 20.5.1953. Eru þau því niður fallin. Jóhann Skaptason

Reka allann eiga Valþjófsstaðir frá Stakkanöf út að Valþjófsstaðaá, en Einarstaðir leiguliðans frá Valþjófsstaðaá út að Goðhussteini samkvæmt landsyfirrettardómi uppkveðnum 27. apríl. 1891, en Presthólastaður hval og viðarreka á þessu svæði: -

Valþjófsstöðum 7. apríl. 1894. –

Halldór Ingimundarson, Hólmfríður Jónsdóttir

Halldór Sigurðsson, Kristján Sigurðsson. –

Þessu samþykkur Jón Sigurðsson eigandi Arnastaða

Samþykkur vegna Efrihóla.

Stephán Stephánsen.

Lesið á manntalsþingi að Presthólum 16. maí 1895, og komu þá fram motmæli viðvikjandi þessari landamerkjaskrá, frá prófasti Halldóri Bjarnarsyni á Presthólum sem lýsti því yfir að hann áliti landamerkjaskrána ranga, en færðist undan því að segja til þess í hvaða atriðum hann áliti landamerkjaskrána ranga, sérílagi með tilliti til þess, hvert ummerki Presthólalanda að hans áliti væri skert í þessari landamerkjaskrá, eða mótmæli hans litu að því að ítaksrettur Presthólalands væri skertur.

Þingl. og Bókun Kr: 1,00 – ein króna.

B. Sveinsson

[41v-42v]

№ 162

Samningur
um
landamerki milli jarðanna Ytri-Tungu og Hringvers í Húsavíkurhreppi.

Sunnan af landi frá, sem landamerkjaskrá dagsett 10. apríl 1891 getur um að tilheyri Ytri-Tungu, gengur tunið af heiðarlandi til Hringvers lands samkvæmt eftirfylgjandi landamerkjum.

Skeifá ræður merkjum milli jarðanna einsog að fornu upp að sporði þeim sem liggur norður að svo nefndum Steindal gegnt vörðu þeirri sem stendur á norðurbrún Skeifárbreiðna, þaðan beina stefnu í vörðu þá með merkjasteini sem stendur í Steinholti, og er merkið á steininum ártalið 1897.

Þaðan ræður bein stefna eftir vörðum í dys á Syðra grófar barmi norður af Seltóptum í Selmóum og þaðan um beint eptir vörðum upp á brekkubrún allt að vörðu þeirri austustu sem stendur norðanvert við læk þann sem fellur ofan í Selspildu og þaðan beint austur í móts við Fjallaland í Kelduhverfi og um hinar nefndu vörður alls 10 að tölu.

Heiðarland þetta metum við 1,8 hndr. og tel jeg Jóhannes Jóhannesson það fyrst um sinn með ábúð minni til allra útgjalda.

Samningi þessum til staðfestu eru okkar undirskrifuð nöfn ásamt tveggja vitundavotta.

Ytri-Tungu þann 20 marts 1897

Jóh. Jóhannesson eigandi Ytri-Tungu

Jón R Jónsson eigandi Hringvers

Vitundarvottar:
St Halldórsson
Sigurbjörn Einarsson

Þinglesið á manntalsþingi að Húsavík 24 júní 1897.

Steingr. Jónsson
vottur

Gjald 1 – ein – króna
borgað Stj.

[42v-43r]

№ 163

Landamerkjaskjal

fyrir jörðina Mjóadal í Ljósavatnshreppi

Að austan skilur Mjóadalsá lönd Mjóadals og Íshóls. Að sunnan skilur Tungufellsá, svo Þvergil og síðast bein stefna úr því vestur á hágrjót, Mjóadalsland og almenning. Þaðan liggja svo merkin norður háfjallið, eptir því sem vatnsföll deila sveita milli, norður gegnt upptökum Syðri-Bótarár, sem að norðan skilur lönd Mjóadals og Mýrar.

Úlfsbæ 8. maímánaðar 1897

Kristján Jónsson

(handsalað)

Framanritaða landamerkjaskrá samþykkjum við undirritaðir.

Jón Ingjaldsson (eigandi að 2/3 Mýrar)

Jón Jónsson (ábúandi Mýrar)

Karl E. Friðriksson

(vegna eiganda Ishóls)

Þinglesið að Ljósavatni 23. Júní 1897.

Gjald 1 – ein – króna

Borgað Stj. Steingrímur Jónsson

settur

[43r-43v]

№ 164

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Barnafelli í Ljósavatnshreppi

Að austan ræður Skjálfandafljót merkjum. Að sunnan eru merkin höfð í götur þær, sem liggja að vaði á fljótinu, sem er nefnt Sandatraðavað. Og þaðan upp yfir Djúpárvaðið og upp svokallað Breiðanes beina stefnu upp á fellið vestur á háfellið þar sem Finnstaðaland tekur við að vestan

Að vestan ræður háfellið merkjum.

Að norðan eru merkin niður við Skjálfandafljót út við svokallað „Klif“ – því þar hefur bjargið komið upp að gömlum reiðgötum – þar sjest garður ofaná fljótsbakkanum, hjá litljum læk, er sprettur þar upp, svo liggja merkin beint uppá hnjúkinn í beinni stefnu til Ballastaðaár

Þessum merkjum eru undirritaðir hlutaðeigendur samþykkir

Úlfsbæ hinn 24. júní 1897

Kristján Jónsson

(eigandi Barnafells)

Jónas Jóhannesson í Fellsseli

(fyrir hönd eiganda Fellssels)

Kristján Kristjánsson (eigandi Finnstaða)

Guðlaugur Ásmundsson (ábúandi á Fremstafelli)

Þinglesið á manntalsþingi að Ljósavatni 29. júní 1897, og bað þá Björn bóndi Jóhannesson á Ljósavatni bókað, að hann vegna Ljósavatnskirkju teldi til skógarítaks í landi Barnafells, samkvæmt gömlum heimildarskjölum kirkjunnar. [Innskot á spássíu] Ítakinu lýst samkv. áskorun 20.5.1953. J Skaptason

Gjald 1 – ein – króna

Borgað Stj

Steingrímur Jónsson

settur

[43v-44r]

№ 165

Landamerkjaskrá

fyrir afrétt þann sem Kallaður er „Framdalir“ og liggur suður af Bárðardal að austan en tilheyrir Einarsstöðum í Reykjadal.

[Innskot á spássíu] Ítökunum lýst 28/12 1953 samkvæmt áskorun 20.5.1953 J Skaptason.

Að norðan ræður Krossárgil frá upptokum til Skjalfandafljóts, að austan og sunnan ráða grjót og sandar sem umkringja þetta land á þá 2 vegu að vestan ræður Skjálfandafljót. Hagar og beitilönd innan þessara takmarka eru þessi. Krossártorfa sunnan Krossár, Krókdalur. Bálabrekka, Yxnadalur, Stapamosar, Íllagil og Íllagislmosar, Hraunárdalur, Flæður, Drög og Teigjur. Fyrir norðan Krossá eru þessi ítök í Skútustaðalandi hálf Hafursstaðahlíð, allur Sandmúli.

Einarsstöðum 3 Júní 1890

Haraldur Sigurjónsson

(eigandi)

Fyrir hönd Skútustaðakirkju samþykkur: Árni Jónsson

Sem eigandi 1/4 úr Skútustöðum samþykk: Guðbjörg Aradóttir

Þinglesið að Helgastöðum 26 Júní 1897. ~~(og innfært) (í landamerkjabók)~~

Steingrímur Jónsson

(settur)

Gjald 1 – ein – Króna

[44r-44v]

№ 166

Landamerkjaskrá

fyrir jörðina Ytri=Leikskálaá í Ljósavatnshreppi

Á milli Granastaða og ytri leikskálaá ræður svokölluð merkiklöpp sem stendur við fjallsræturnar rétt ofan við mýrina og úr henni bein stefna vestur í Trantadali í Landheiðarbrún og síðan í Stakhól á Hrosshjalla.

Úr Stakhól ræður hin sama stefna suðvestur í fjallgarð svo langt sem Kinnarlönd ná til fjalls.

Til austurs úr merkiklöpp, ræður skurður í mýrinni að Kýl þeim er fellur ut mýrina í Granastaðakvísl. Milli Ytri=Leikskalaár og Syðri=Leikskálaár, ræður hin sama stefna í austur í vorðu sem hlaðin er á gömlu toptarbroti, syðst og austast í Langhólma. Úr þessari vörðu ræður bein stefna í suður í vörðu þá sem hlaðin er á grundinni fyrir norðan Skálará og þaðan sama stefna suður í áður nefnda á. Síðan ræður Skálará merkjum suðvestur að Sperlagili og loks Sperlagil á grjót upp.

Ljósavatni 11 Júní 1897

Páll H. Jonsson Ludvig Knudsen prestur á Þóroddstað

(umraðamaður Ytri Leikskálaár)

Að því er ábúð mína á Granastöðum snertir eru merki þessi samkvæm því sem stendur í byggingarbréfi mínu sem eg hef i höndum frá umboðsmanni Jóni heitnum Sigurðssyni frá Gautlondum

Baldvin Sigurðsson ábúandi á Granastoðum

Þinglesið á Ljósavatni hinn 29. Júni 1897.

Gjald 1. – ein – Króna Steingrímur Jónsson

(settur)

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS



№ 167.

Landamerkja skrá

fyrir jörðinni Hryflu í Ljósavatnshreppi.

Að austan ræður Skjalfandafljót, að norðan gamall garður úr fljótinu í Djúpárkrók og Djúpá síðan, að vestan Djúpá og gamall garður úr henni suður í Hrúteyjarkvísl, að sunnan háff hálf Hrútey á milli Hrúteyjarkvíslar og Skjalfandafljóts á móti eiganda Ljósavatns

Hryflu 2 Júni 1897.

Jón Kristjánsson (ábúandi jarðarinnar)

Að ofan nefnd merki milli Hryflu og Fremstafells sé samkvæm landamerkjaskrá fyrir Fremstafelli er eg samþykkur.

G. Ásmundsson (ábúandi í Fremstafelli)

Björn Johannsson

eigandi Ljósavatns

Þinglesið að Ljósavatni hinn 29 Júní 1892.

Steingrímur Jónsson

Gjöld 1. – ein – Króna (settur)

[45v-46r]

№ 168

Landamerkjaskrá
jarðarinnar Garðshorns í Ljósavatnshreppi

Að austan ræður merkjum milli Garðshorns og Hóls svo nefndur Grandakíll austan við Rangá.

Að sunnan ræður bein stefna úr Grandakíl eptir merkjavörðum vestur í Rangá og vestur frá henni sömuleiðis eptir vörðum upp i reiðgötur er liggja millum Garðshorns og Hrappsstaða ofan við Hólssand; þá ráða reiðgötur þessar merkjum til suðurs á millum Hóls og Garðshorns að túngarði fornum nyrst við Hrappstaða tún. Nefndur túngarður og framhald hans upp fjallshlíðina ræður merkjum milli Hrappsstaða og Garðshorns og bein stefna úr honum í vestur upp á há öxl fjallsins þar til vötnum hallar vestur af

Að vestan ræður háfjallið.

Að norðan ræður merkjum milli Garðshorns og Háls svo nefnd Grundargróf norðan við Garðshornstún í fjallinu þar til grófin gjörir krók til suðurs raða þaðan af merkja vörður baðum megin Rangár austur í Grandakíl.

Garshorni 16 juni 1897.

Ingjaldur Jónsson (eigandi og ábúandi)

Framanskrifaðri merkjaskrá erum við undirritaðir samþykkir.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurður Jónsson | Hans Kristjánsson | Stefán Guðmundsson |
| (eiganbdi 1/7 úr Hóli) | (eigandi 6/7 úr Hóli) | (ábúandi á Hrappstoðum) |

Þinglesið að Ljosavatni hinn 29. Júni 1897.

Steingrímur Jónsson

Gjald 1. – ein - Króna (settur)

[46r-46v]

№ 169.

Landamerki

Hrappsstaða í Kinn í Ljósavatnshreppi eru þau er nú skal greina

Að sunnanverðu í gróf þá er liggur af fjalli ofan í ytri Guðmundarstaða á og svo rétt línis í garð þann sem liggur austur frá Rangá upp í Fell hinum megin við reiðgötur Liggja síðan landamerkin réttlínis vestan vert við miðjan Hálsmel út i garð þann sem liggur úr Hrappsstaða vallargarði að utanverðu i Rangá er svo sá ytri Hrappstaða vallargarður landamerki millum Hóls og Hrappstaða, úr hverjum garði liggur garður upp til fjalls. Eiga svo Hrappstaðir land á fjalli beint vestur frá þessum garði í á þá er rennur af gönguskarði til norðurs og allt flata skarðið að norðan verðu, í læk þann sem rennur til austurs fyrir neðan Hálssel, síðan réttlínis í Hól þann sem stendur við eystra Tjarnar hverfi í Gönguskarði og svo alla óslitna fjallshlið ofan í reiðgötur að sunnan verðu. (þari nú á öld liggur almanna vegur um) allt í þá hóla er standa í miðju Gönguskarði og svo allt tiltekið land fyrir sunnan fram á Gönguskarði með selstöðu og Hrappstaðadal ofan í gróf þá er aður um getur og er milli og er milli Hrappstaða og Guðmundarstaða liggjandi

Héðinshöfða 15 September 1890

B. Sveinsson

eigandi Hrappstaða

Fyrir hönd Þóroddstaðakirkju er eg samþykkur

Jón Arasson

Sömuleiði eg Ludvig Knudsen

Að því er Gvendarstaði snertir er eg undirritaður sömuleiðis samþykkur

Jónas Jonsson

(handsalað)

Að því er snertir Garðshorn sem á land móti Hrappstoðum að norðanverðu ofan við Reiðgötur til fjalls er eg einnig samþykkur þessari landamekrjaskrá

Sem eigandi Hóls samþykkur Kristján Jónsson Úlfsbæ (handsalað

Hans Kristjansson

Þinglesið að Ljósavatni hinn 29. Júni 1897.

Gjald 1. ein – Króna Steingrímur Jónsson

(settur)

[47r]

№ 170

Lögfesta

fyrir Hálslandareign í Ljósavatnshreppi

Með bréfi þessu lögfesti eg undirritaður Sigurður Árnason eigandi og ábúandi að jörðinni Hálsi í Ljósavatnshreppi landeign nefndrar jarðar sem er með þessum ummerkjum. Að norðan ræður garður sem ~~er með~~ liggur frá Grandakíl (gamla Rangárfarveg) upp til fjalls þaðan þvert yfir fjall beina línu eptir merjavörðunni til Skollahnjúks.

Að austan ræður merkjum aður nefndur Grandakíll.

Að sunnan ræður garður sá er liggur upp myri frá Rangá. Þegar garðinn þrýtur ráða vörður merkjum í krók á gróf þeirri er liggur rétt norðan við Garðshornstún, þá þvert upp fjall yfir Hrappsstaðaoxl til Gönguskarðsár, þá ræður Gönguskarðsá inn fyrir Hálsgrænur.

Að vestan ræður grjótskriða sú sem liggur á Gönguskarði rétt vestan við Hálssel og Hálsgreni.

Þessi landeign áður nefndrar jarðar með ofantöldum ummerkjum banna eg og óheimila öllum að nota, eða nota láta án leyfis eiganda og ábúanda jarðarinnar Háls í Ljósavatnshreppi

Hálsi í Ljosavatnshreppi 28 Júni Sigurður Arnasson

Þinglesið að Ljosavatni með fylgiskjölum hinn 29 Juni 1897

Gjald 1 – ein – Króna. [Steingrímur Jónsson (settur)]

[47v-50r]

№ 171

Landamerkjaskrá
Skútustaða í Mývatnssveit.

A Landamerki heimalandsins eru þessi:

Að vestan móts við Álptagerði bein stefna um Klöpp þá sem stendur í miðjum Nautahver út við Myvatn í hraunborg þá sem kölluð er „Paradís“ og svo enn sama stefna um „Vörðuklett“ í austara hrauninu beint í syðsta horn eða krók á garði þeim er liggur norðvestan við „Hólmengið“ þaðan er sama stefna í austan verðan Litlustrandarbæ i merki vörðuna í „Nesjamosanum“.

Að sunnan, móts við Sveinströnd, Litlustr. og Grænavatni: Bein stefna úr áður nefndir merki vörðu í vestur Einslækjarós þar hann rennur úr Krákuvatni, þar til línan kemur að „Strandakýl“. Ræður síðan „Strandakýll“ landamerkjum allt austur gegnum Einslæk í Grænavatn.

Að austan móts við Grænavatn Garð og Kálfaströnd frá eystri Einslækjarós ræður Grænavatn og Grænilækur út í Mývatn. Síðan út miðjan „Bol“ austan við „Mikley“ allt út á móts við [mitt] Hrúteyjarsund

Að norðan: móts við Kálfaströnd. Eptir miðju Hrúteyjarsundi og svo bein stefna úr því vestur í „Flóa“ þar til hún sker línu þá er kemur beint framan „Flóann“ frá aðurnefndri Klöpp í miðjum Nautahver. Eiga Skútustaðir alla veiði innan þessara ummerkja alla „Mikley“ í Mývatni alla dráttarveiði og öll veiðigrunn fyrir sínu landi.

Innan þessara ummerkja á Álptagerði Dritey í Mývatni.

b Landamerki Sellands og afrettarlands Skútustaða eru þessi

Að norðan. móts við Baldursheim: Úr grófinni sem liggur vestan við Kráká utanvert á móts við svo kallað Grasaskarð ræður bein stefna vestur upp í svokallað Svartholt og bein lína sömu stefnu upp i Leiðarhól og þaðan réttsýnis um grenið á Grenisás vestur um vorðu á Hólavatnsás norðurenda beint i holt það er liggur i Grænpolla mýri suðvestur af Selásnum og þaðan beint þar til sker línu þá er liggur ur Bjarnapolli í Bræður og skal þar hlaðin merkivarða.

Að vestan móts við Lundarbrekku, Bjarnarstaði, Víðirker, Hornvörðu eptir linu þeirri er liggur beint frá Bjarnapolli í Bræður. sidan (samkv. landamerkja gjorningi frá 28 júni 1853) bein stefna í hásuður frá Bræðrum um vörðu er stendur á Rananum fyrir ofa Svartárkot yfir Suðurá og Mikley á milli vörðukletts og „Grenisháls“ á Stóraklett sem stendur sunnarlega á Suðurás hrauni og er í nefndri stefnu (i hásuður) frá Bræðrum hæðstur að sjá allra kletta i hrauninu. Klettur þessi er flatur og þunnur sléttur að norðan en ósléttur að sunnan og er vestara horn hans nokkru hærra en hið austara á honum ofanverðum liggja lausir hestar. [Innskot ofan línu] [steinar?]

Heldur þá enn sömu stefnu suður í Sandá og ræður síðan Sandá merkjum allt þar til hún fellur í Skjalfandafljót ræður síðan „Fljótið“ allt fram að því, að Krossá fellur í það. Eiga Skútustaðir allt land austan Skjalfanda fljóts milli Sandár og Krossár svo langt sem gras

grær í óbyggðir upp. Liggja þar til Austurdalir allir svo sem Kolmúladalur, Hylludalir Breiðdalur, Langidalur Grafarlönd, Hafursstaðahlíð og allar flæður og eyrar með „Fljóti“ fram Sandmúladalur og allt fram í Krossárgil að Krossá. Einnig eiga Skútustaðir allt Suðurárhraun fyrir sunnan Suðurá upp að Botna vatni og ofan að áðurnefndri merkjalínu.
Að sunnan suðaustan og austan takmarkast land þetta af óbyggðum. Ódáðahrauni og Dyngjufjöllum
Að austan móts viði Grænavatn bein stefna frá Suðurá, gegnum Skinnhúutjörn út Miklamó út í einkennilega, mosavaxna kvos þá, er meginlækur Krákár hefir upptök sín í og ræður síðan lækur þessi, sem nú er kallaður „Fosslækur“ Í læk þessum er einkennilegur foss og fyrir $^{o}$fan fossinn sveltuhólmi sem heitir „Harðhugur“ en nokkru fyrir neðan fossinn rennur lækur þessi saman við hinn svokallaða „Smalaskálalæk“. Frá hinni áður nefndu kvos ræður Fosslækur landamerkjum allt í Álptakýl~~s~~ og úr því Kráká allt út að grófinni, sem áður er nefnd gegnt Grasaskarði
Innan þessara um merkja telst Einarsstaðakirkja að eiga „halfa Hafursstaðahlið og „Sandmúla“
c. Ítök Skútustaða: Skútustaðir eiga allan skóg í Arahvammi í Granavatnslandi og Villingafjall í Garðslandi.

Gjört að Skútustöðum 13 dag aprílm. 1891

Fyrir hond Skútustaðakirkju. — Eigandi og ábuandi 1/4 Skútustaða:
Árni Jónsson — Guðbjörg Aradóttir

Eigandi og ábúandi Baldursheims, samþykkur
Sigurður Jónsson — Jónas Jónsson (eigandi 1/5 úr Baldursheimi)
Eigandi og ábúandi Lundarbrekku samþykkur
Jónas Jonsson

Verte
[Fletta, sbr. framhald á hinni hlið síðunnar]

Sem umráðamaður Sveinstrandar og Litlustrandar er eg samþykkur
Pétur Jónsson
Sem eigandi 1/4 úr „fram engjum“ Skútustaða og halfs Garðs samþykkur ~~Jónas Jónsson~~ — Eigandi 1/2 Garðs samþykkur
Arni Jónsson — Jónas Jónsson
Sem umboðsmaður Bjarnarstaða samþykkur að bein lína ráði landamerkjum ur Bjarnapolli í Bræður er liggur sunnanvert við Bjarnaspildu
Akureyri 17. apríl mán 1891
Stephán Stephánsson
Eigandi: Stórutungu samþykkur
Jónas Guðmundsson
Umraðsmaður og eigandi Einarsstaða í Reykjadal samþykkur – Haraldur Sigurjonsson
Eigendur Álptagerðis samþykkir

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Mettúsalem Guðmundsson   Jónatan Gamalíelsson
Halldóra Kristjánsson   (Handsalað f. Kristjánsson)

Eigandi Kálfastrandar samþykkur.
Halldór Sigurðsson

Eigandi Víðirkerts samþykkur
Einar Friðriksson

Eigandi Svartárkots samþykkur 27. 1897.
Sölvi Magnússon.

Eigendur Grænavatns samþykkir.
Helgi Jónsson  Guðni Ásmundsson

Þingl. á Skútustöðum 26 Mai 1898 og innfært í landamerkjabók Þingeyjarsýslu undir № 171

Gjald 1 – ein – króna –

Steingrímur Jónsson

Skoðuð 13. júlí 1900 og það athugað að bókin er eigi löggild

Jón Briem.

[50r-51r]

№ 172.

Landamerkjaskrá
fyrir
umboðsjörðunni Efrihólum í Núpasveit í Presthólahreppi

Fyrst að norðan ræður merkjum Brúarlag við Stekkjarhrygg, þaðan beint í reiðgötu, þar, sem hún ligur yfir Efri hólagjá og í Dagmálavörðu sem stendur á Klöppunum á Katastaðafjallshala syðri þaðan yfir þrætukersholt í merkjastein á Lambabrekkum, svo eftir beinni línu austur í Ormarsá sunnanvert við Presthólasel. –

Að vestan ræður Þúfugerðisá frá áðurnefndu Brúarlagi við Stekkjarhrygg, suður til Brúarlags sem er lítinn spöl ofan við syðri enda Efrihólagjár, þaðan austur í vörðu, sem er á norðurenda Daltunguáss, þaðan beint í Skottuþúfu, frá Skottuþúfu í Grjótstapa á syðstu Kálfaborg, útaf Kálfafjöllum þaðan eftir beinni línu yfir Rauðhólahraun, í Hraunnef utan við Arnarstaðavatn austur við Ormarsá.

Að austan ræður merkjum Ormarsá. –

Efrihólum 22. Janúar 1900

Þ. Benjamínsson (ábúandi)    Jón Ólafsson (settur umb:)

Vegna jarðarinnar Arnarstaða er eg samþykkur

Björn Bjarnarson (ábúandi)

Vegna jarðarinnar Einarsstaða er eg samþykkur

Halldór Sigurðsson (eigandi)

Vegna jarðarinnar Valþjófsstað er eg samþykkur

Kristján Sigurðsson (ábúandi og eigandi)

Vegna jarðarinnar Valþjófsstaða er eg samþykk

Hólmfríður Jónsdóttir (eigandi)

Vegna jarðarinnar Valþjófsstaða er eg samþykk.

Hólmfríður Sigurðardóttir (eigandi)

Vegna prestssetursins Presthóla er eg samþykkur

B. Kristjánsson (settur prófastur)

Landamerkjaskráin þinglesin á manntalsþingi að Presthólum 30. Júni 1900 og innfærð í landamerkjabók Þingeyarsýslu undir nr. 172.

Á þinginu komu fram mótmæli gegn landamerkjaskránni frá séra Halldóri Bjarnarsyni á Sigríðarstöðum: 1º Af þvi hún komi í bága við þinglesna og löglega samþykkta eldri landamerkjaskrá fyrir Presthólastað til móts við Efrihóla, sem ekki hefir mætt neinum mótmælum þegar hún var þinglesin og 2º af því hin nú þinglesnu landamerki eru röng og skaða staðinn.

Steingrímur Jónsson

[51v-52r]

№ 173.

Landamerkjaskrá
fyrir Nýpá í Ljósavatnshreppi

Að norðan ræður Kallsárgil í Gljúfrum. úr Gljúfrum beina stefnu eftir vörðum að Nýpá þá ræður Nýpá til Fljóts.

Að austan ræður Skjálfandafljót.

Að sunnan ræður merkjum í fjallinu móts við Granastaðaland, Nýpáin þar til hún fellur fram úr Gljúfrum, sunnan við bæinn á Nýpá, þaðan ræður bein stefna í háaustur, úr fossi neðst í nefndum Gljúfum í utanverða Kiðey í Skjálfandafljóti.

Að vestan ræður Purká merkjum

Jónas Jóhannesson (eigandi 1/2 Nýpár)

Kristján Jónsson (eigandi 1/2 Nýpár)

Samþykkur vegna Granastaða

Jón Olafsson

Samþykkur vegna Bjarga

Haraldur Sigurjónsson

Hinn 21. febrúar 1901 fyrirfram innfært í ~~afsals og veðmala~~ landamerkja bók Þingeyarsýslu undir nr. 173 til þinglesturs á næsta manntalsþingi á Ljósavatni

Gjald: 1 – ein – króna Steingrímur Jónsson

St.J.

Þinglesin á Ljósavatni 20/5 1901

Steingrímur Jonsson

[52r-52v]

№ 174.

Landamerki

jarðarinnar Landamóts í Ljósavatnshreppi í Þingeyarsýslu

Að norðan ræður Rauðilækur frá fjallsbrún til Gegnis"

Að austan ræður Gegnir merkjum, frá Rauðalæk til vörðu, sem stendur á Lækjarbakkanum, sem ber sunnan við bæinn Hryflu.

Að sunnan, frá nefndri vörðu, beint í vestur í vörðu, sem stendur neðst á „Stakholti".

Að vestan frá Stakholstvörðu, með holtarótum norðan til vörðu sem stendur neðan við holt, sem er sunnan við þriðju lág frá Stekkjarlæk (og vörðu) norðan á Krossöxl.

Að vestan ræður merkjum há(grjót)fjall

p.t. Halldórsstöðum 12. júní 1897

Geirf. Fr Friðfinnsson (eigandi Landamóts)

Sigurður Sigurðsson
Friðfinnur Sigurðsson
Kristján Sigurðsson
(eigendur Halldórsstaða)

Samþykkur fyrir landssjóðsjörðina Fremstafell

Jón Jónsson (umboðsmaður)

Jón Kristjánsson (eigandi Landamótssels)

Þinglesið á manntalsþingi að Ljósavatni 20. mai 1901 og innfært í landamerkja bók Þingeyarsýslu undir nr. 174. Steingrímur Jónsson

Gjald: 1 – ein – Króna

St. Jónsson

[52v-53v]

№ 175

Landamerkjaskrá

fyrir jörðunni Landamótsseli í Kinn

Að norðan ræður merkjum varða, sem stendur niður við braut þá, sem liggur suður neðan vert við holtarætur; frá nefndri vörðu, beina stefnu í vörðu, sem stendur í brekkuröðinni sunnan vert við þriðju lág frá Stekkjarlæk, og þaðan stefna í vörðu sem stendur við gróf í fjallsbrúninni norðan á Krossöxl.

Að austan eru merkin frá fyrstnefndri vörðu suður meðfram nefndri braut, stefnu í vörðu sem stendur yzt og ~~neðst~~ í „Stakholti“. Þaðan ræður bein stefna í vörðu – sem stendur við lækinn „Gegni“ – sem ber sunnan vert við bæinn Hryflu. Þaðan ræður Gegnir merkjum suður í Djúpá.

Að sunnan ræður Djúpá merkjum í Kíl, sem er norðvestur af tóptarbroti er stendur ofarlega í Haganum, sunnan Djúpár, frá nefndum Kíl, beina stefnu neðst í Merkilæk og eftir honum eru merkin í Merkigróf í Krossöxl og þaðan uppá háfjall.

Að vestan ráða hágrjót merkjum.

Landamótsseli 18. mai 1901

Helga Jónsdóttir (eigandi Landamótssels)

Ofan skrifuðum landamerkjum eru samþykkir

| | |
|---|---|
| Sig. Sigurðsson | G Ásmundarson |
| (eigandi Landamóts) | (Ábúandi Fremstafells) |
| Björn Jóhannsson | Sigurjón Jónsson |
| (eigandi Ljósavatns) | Ábúandi Kross |

Þinglesið á manntalsþingi að Ljósavatni 20. mai 1901 og innfært í ~~uppboðs~~ landamerkja bók Þingeyarsýslu undir nr. 175

Gjald: 1 – ein – Króna Steingrímur Jónsson

St.J:

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

[53v-54r]

№ 176

Landamerkjaskra fyrir Úlfsbæ

Að sunnan ræður garður, sem stendur á bakkanum við Sniðavað við Skjálfandafljót og þaðan beint austur í vörður á Felshala og þaðan austur í vörðu á Dýnuás dálítinn spöl sunnan við Hlaupalæk utan vert við Hlaupalækjarás og þaðan austur með þeim læk austur í Engivatn í svokallaða Sandvík.

Að vestan ræður Skjálfandafljót utan að vörðu sem stendur við fljótið rúmum 100 föðmum utan við Úlfsbæ og þaðan austur í hraunhellu og þaðan austur í vörðu sem stendur á brúninni og þaðan austur í vörðu sem stendur við Rauðará Skammt sunnan við svokallað Helluvað að austan ræður áin og Engivatn

Úlfsbæ 12 júni 1890

Kristján Jónsson (Eigandi þessara jarðar)

Vegna Arndísarstaða er eg samþykkur framanskrifaðri landamerkjaskrá

Jón Árnason

Vegna Rauðár er eg samþykkur

Jónatan Jónatansson

Vegna jarðarinnar Einarsstaða er eg þessari framanskrifaðri merkjalýsingu samþykkur

Einarsst 19-5-1901

Haraldur Sigurjónsson

Þingl. á manntalsþ að Ljósavatni 20. mai 1901 og innfært í ~~afsals og veðbrefabók~~ landamerkjabók Þingeyarsýslu undir nr. 176. Steingrímur Jónsson

Gjald: 1 – ein – króna

St.J.

[54r-54v]

№ 177.

Landamerkjabréf

fyrir jörðunni Øxará í Bárðardal

Að sunnan ræður merkjum millum Øxarár og Hvarfs varða sú er stendur austan við Skjálfandafljót á svokölluðum „Bótarbörðum“ og þaðan bein stefna (austur)[vestur] að „Kárasteini“ og þaðan ræður bein stefna upp fjallið og vestur í Øxará. Þaðan ræður Øxará merkjum suður Øxarárdal alla leið suður í „Dalamót“ og þaðan beina stefnu vestur á hágrjót, svo norður grjótin að upptökum Ljósavatnsár. Að norðan ræður forn merkigarður austan frá hvísl upp móinn og hjá syðri Hraungarðsenda, þá ræður sami garður upp fjallshlíðina til Ljósavatnsár í fjalli upp, þaðan ræður áin merkjum til áðurgreindra upptaka.

Að austan ræður Øxarárkvísl merkjum að svonefndum grjótgarði, sem ræður merkjum yfir eyuna austan fljóts, og þaðan ræður fljótið merkjum, suður í ofan nefnda grjótvörðu á Bótarbörðum.

Øxará 18 mai 1901

| | |
|---|---|
| Ingjaldur Jónsson | Jón Ingjaldsson |
| (eigandi Øxarár) | eigandi Hvarfs og Eyadalsá |
| Björn Jóhannesson | (Handsalað) |
| (eigandi Ljósavatns) | |

Þinglesin á manntalsþ. að Ljósavatni 20 mai 1901 og innf. í landamerkjabók Þingeyarsýslu undir nr. 177

Gjald: 1 – ein – Króna Steingr Jónsson

ST.J

[55r-55v]

№ 178.

Landamerki
fyrir Hjalla í Reykjadalshreppi
[Innskot á spássíu] sjá nr 270 í L.

Að norðan móti Litlulaugum ræður garður úr Reykjadalsá í merkigil, þaðan bein stefna í austur að Þverár landi. Að sunnan móti Hallbjarnarstöðum, ræður merkilækur, úr honum bein stefna yfir Merkiholt í Sjónarhól, þaðan stefna í austur, að Þverárlandi. –
Að austan móti Þverá, ræður bein lína af há Hvítafelli í vestari Skollhól og þaðan í há Ljótsstaðahall. Að vestan ræður Reykjadalsá í miðjan árfarveg

Hjalla 20 mai 1901
Jón Sigurðsson (ábúandi)

Samþykkur vegna landssjóðsjarðanna Litlulauga og Hallbjarnarstaða
Jón Ólafsson
(settur umboðsm.)

Samþykkur að því er snertir land Þverár
Snorri Jónsson

Þinglesið að Einarsstöðum 21. mai 1901 og innfærð í landamerkjabók Þingeyarsýslu undir nr. 178. Gegn landamerkjaskrá þessari komu fram mótmæli frá Páli Stefánssyni á Þverá fyrir hönd meðeiganda jarðarinnar Þverár Jóns verzlunarmanns Jónssonar í Reykjavík fyrir þá sök að merkin eigi að vera úr vestari Skollhól fram Bryggjumó gegnt Skollhólamýrarbotni að sunnan og þaðan austur í há Ljótsstaðahall og hyggur hann að landamerkjaskrá Þverár muni vera þannig:

Gjald: 1 – ein – Króna Steingr. Jónsson
St.J.

[55v-56v]

179.

Landamerki

Ytrafjalls í Aðaldælahreppi

Að sunnan eru merki við Laxá við sunnanverða Laxhólma, um Enghól og beina stefnu úr honum í garð, sem liggur þvert upp hraunlágarnar; síðan beina stefnu upp fjallið sunnanvert, við Skollahnjúk þvert vestur í Skriðumel. Úr há Skriðumel ræður merkjum garður sá, er liggur norður í háháls á Hafral. merki. Að norðan eru merki úr garðinum mikla eftir garði sem liggur ofan mýrina niður í Hafralæk norðan við svonefnda Merkiklöpp. Frá Merkiklöpp ræður Hafralækur til suðvesturs allt að garði þeim norðan undir Selhólum liggur

Ræður sá garður merkjum að norðan eftir stefnu í Klofaklett austur eftir, þar til komið er miðja vegu milli nefnds kletts og Selhóla. Þaðan ræður stefna merkjum suður á Fjallshóla. Frá Fjallshólum ræður garður sá merkjum er liggur í neðanverðu hrauni til suðurs, gegnt garði þeim, er liggur austan frá Ósum við Laxá og ræður svo ósinn merkjum til árinnar og áin að austan suður til fyrgreindra ummerkja.

Grenjaðarstöðum 1 Mai 1901

Fyrir Hólmavað og Syðra-Fjall

B. Kristjánsson. Sigurgeir Eyólfsson

Kristján Jónsson Indriði Þorkelsson

Vilhjálmur Jónsson

Fyrir Rauðuskriðu

Friðfinnur Sigurðsson Friðbjörn Jónsson

Jón Ólafsson

Þinglesið að Garði 22 mai 1901 og innfært í landamerkjabók Þingeyarsýslu undir nr. 179

Gjald: 1 – ein – Króna Steingrímur Jónsson

St.J.

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

[56v]

Þessi bók sem hefir að geyma 56 – fimmtíu og sex – tölusett blöð og sem er gegnum dregin og útbúin með innsigli amtsins löggildist hér með til að vera „Landamerkjabók“ fyrir Þingeyarsýslu (Bók C.) -.

ISLANDS NORDUR OG AUSTURAMT.
AKUREYRI 18. okt. 1900.
Jón Briem.